

SHALDÖR
skoðun 12



2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Fasteignir.is



Mjúkir ruggusvanir
Lokkandi er ný vörulína
textílhönnuðarins Bryndísar
Bolladóttur.
allt 2



FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur
16. maí 2011
112. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

REST LESNA
DAGLAÐ Á ÍSLANDI
10
ÁRA
2001 - 2011



Vinir Sjonna stóðu sig
Næstu Eurovision-farar
eiga langt ferðalag fyrir
höndum.

fólk 26

Hætta að karpa...

„Hún er þarna, Harpa og hún á eftir að öðlast sinn sess í þjóðlífinu,“ skrifar Guðmundur Andri.


í dag 13



Fram tekið í bakaríð
Stjarnan gerði sér lítið fyrir
og vann 5-2 sigur á Fram á
útvelli í gær.

sport 22

veðrið í dag



SV-LÆGAR ÁTTIR Skúrir
V-lands í dag en þurrt A-lands
framan af degi. Hiti víða á bilinu
4-8 stig.

VEÐUR 4

Er svefninn vandamál?

Verðlaunuð náttúruafurð
úr Bygg- og Hveitigrösnum



Fæst í flestum apótekum og heilsuþúðum

Nauðgarar hræða þolendur frá því að leggja fram kæru

Færst hefur í vöxt að karlmenn sem nauðga konum hóti þeim öllu illu kæri þær nauðgunina. Þetta segir Eyrún Björg Jónsdóttir, deildarstjóri á Neyðarmóttöku. Hún segir að þolendurnir óttist þessar hótanir.

LÖGREGLUMÁL Færst hefur í vöxt að karlmenn sem nauðga konum hóti þeim til þess að fæla þær frá því að kæra málið til lögreglu. Meira ber á ófyrirleitni gerenda en áður og þolendur eru hræddari við þá. Þetta segir Eyrún Björg Jónsdóttir, verkefnisstjóri Neyðarmóttöku Landspítala fyrir þolendur kynferðisofbeldis. „Umhverfið er að breytast og því miður fylgja þessar hliðar svona málum þannig að konur óttast að ef þær kæri hafi þær verra af. Þeim er beinlínis hótad því.“

Fram hefur komið í Fréttablaðinu að kærur vegna kynferðisbrota hafa streymt til lögreglunnar

á höfuðborgarsvæðinu á undanförunum mánuðum. Fyrstu fjóra mánuði ársins voru þær 76 talsins, þar af 33 vegna nauðgunar.

Eyrún segir að málum hafi ekki fjölgað hjá Neyðarmóttökunni í ár miðað við undangengin ár. Á fyrstu fjórum mánuðum ársins leituðu 40 til móttökunnar. Eyrún segir málafjölda hvers árs um 120 og um 40 til 45 þolendur kæri til lögreglu. Hluti af þjónustu neyðarmóttökunnar er að útvega þolanda réttargæslumann og setja málið í ákveðið ferli.

„Fjöldi kæra frá okkur er svipaður frá ári til árs. Þarna er því um að ræða fjölgun mála sem koma

Fjöldi kæra frá okkur er svipaður frá ári til árs. Þarna er því um að ræða fjölgun mála sem koma annars staðar frá.

EYRÚN BJÖRG JÓNSDÓTTIR
VERKEFNISSTJÓRI NEYÐARMÓTTÖKU

annars staðar frá eins og yfirmaður kynferðisbrotadeildar benti á í blaðinu,“ segir Eyrún.

Þá segir Eyrún að ekki komi bara konur á neyðarmóttöku vegna nauðgunar. Í fyrra hafi átta karlmenn komið. Árin á undan hafi þeir

verið á bilinu einn til sex. Enginn hafi komið það sem af er þessu ári.

Eyrún segir oft erfitt fyrir þolendur kynferðisofbeldis hversu berorðar og nákvæmar lýsingar atvika séu í fjölmiðlum. „Þetta upplifa brotabolar oft sem annað áfall,“ útskýrir hún. „Konurnar hafa jafnvel ekki einu sinni sagt sínum nánustu frá eðli atburðarins og þær upplifa það sem algjöra berskjöldun og ógn við sjálfsmynd þeirra að hægst skuli vera að japla svona á þessum málum.“

Eyrún segir að þolendur búið við opinskárra umfjöllun og í einhverjum tilvikum hræði hún þá frá því að kæra.

jss@frettabladid.is



MYND KOMIN Á BRUNAREIT Verið er að leggja lokahönd á endurbýggingu húsa á horni Lækjargötu og Austurstrætis. Ísleifur Jónsson dómari lét reisa brúnleita húsið í Austurstræti 22, sem reist var árið 1801. Liturinn á endurgerð hússins hefur vakið eftirtekt. Hann á að líkjaft húsum í Reykjavík frá fyrri hluta 19. aldar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Forsvarsmenn kanadíska olúfyrirtækisins Irving Oil skoða íslensk olúfélög:

Taldir vilja Skeljung eða N1

VIÐSKIPTI Fulltrúar frá kanadíska olúfélaginu Irving Oil funda þessa dagana með stjórnendum olúfélaganna og kynna sér rekstur þeirra. Ekki er útilokad að félagið kaupi annaðhvort rekstur N1 eða Skeljungs.

Irving Oil var langt komið með innflutning og rekstur á olíu og eldsneyti hér á landi fyrir tæpum tuttugu árum og hafði fengið úthlutað lóðum fyrir birgðastöð og eldsneytisstöð. Forstjórar olúfélaganna, ESSO (nú N1), Olís og Skeljungs, sneru þá bókum saman gegn



SMUROLÍA Irving Oil hefur selt smurólur hér um nokkurt skeið.

félaginu. Samkeppnisráð komst að þeirri niðurstöðu síðar að með samráðinu hafi olúfélögin brotið gegn samkeppnislögum.

Skuldir hafa bæði sligað eigendur N1 og félagið sjálf, sem

hefur unnið að fjárhagslegri endurskipulagningu. Drög liggja fyrir um yfirtöku kröfuhafa á því hugsanlega í sumar. Rætt hefur sömuleiðis verið um að eigendur selji félagið frá sér. Eigendur Skeljungs hafa einnig verið að selja eignir upp á síðkastið.

Kanadíska fyrirtækið er risasamsteypa í heimalandinu. Það hefur verið stórtækt í olíurekstri og öðrum geirum um áratugaskeið. Irving-fjölskyldan sem á félagið er í hópi þeirra auðugustu þar í landi.

- jab / sjá síðu 4



FLUTNINGAR Guðrún Pálsdóttir bókasafnsfræðingur í kassabúð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Veðurstofa Íslands flytur:

Sprengjuhelt bókasafn

STOFNANIR Bókasafn Veðurstofu Íslands er líklega eitt það öruggasta á landinu. Það var nýlega flutt í sprengjuhella hvelvingu sem áður var stjórnstöð Landsnets við Bústaðaveg.

Borgar Ávar Axelsson, mannauðsstjóri á Veðurstofu Íslands, kom eitt sinn í hina gömlu stjórnstöð Landsnets. „Manni leið þá eins og maður væri kominn inn á gafl hjá NASA eða inn í geimstöð,“ segir hann. Veðurstofa Íslands hefur verið að flytja hluta af starfsemi sinni í gamla Landsnetshúsið að undanförunum.

- sg / sjá Tímamót 14

SUMARTILBOÐ
Verð frá 19.800 kr

Vertu netvæddur í ferðalaginu



Erum á möti Ikea í gallery Art2b

2b.is

Kauptún 3 - Garðabær - S. 5 800 800 - www.2b.is



Adolf, er þetta frumvarp ekki upp á marga fiska?

„Nei, en það hefur stóralvarlegar afleiðingar.“

Adolf Guðmundsson, formaður Líú, er ekki par hrifinn af frumvarpi ríkisstjórnarinnar um stjórn fiskveiða.

Alþjóðadómstóllinn í Haag: Gaddafí ákærður fyrir voðaverk í Líbíu

HAAG, AP Saksóknarar Alþjóðadómstólsins í Haag hafa lýst því yfir að handtökuskipanir verði í dag gefnar út á hendur þremur hátt settum líbískum embættismönnum fyrir glæpi gegn mannkyninu.

Fastlega er búist við að Moammar Gaddafí, leiðtogi Líbíu, verði einn þeirra.

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna fól Alþjóðadómstólnum að rannsaka stríðsástandið í Líbíu í lok febrúar og hefur rannsókn staðið yfir síðan. Saksóknararnir segjast hafa fundið út hverjir beri mesta ábyrgð á þeim voðaverkum sem átt hafa sér stað í landinu að undanfögnu. - mþl



MOAMMAR GADDAFÍ

Vinnur með Paul Ramses:

Amma Obama stödd á Íslandi

FÓLK Sarah Obama, amma Baracks Obama Bandaríkjaforseta, kom til Íslands í gær. Hún mun dvelja hér í tíu daga en það er hinn keniski Paul Ramses sem stendur fyrir komu hennar. Hún hefur starfað fyrir góðgerðasamtök hans, Tears Children Charity, sem hafa meðal annars byggt skóla í heimalandinu. Kemur hún hingað til að vekja athygli á samtökunum.

Sarah Obama er 82 ára og búsett í Kenía. Hún er þriðja eiginkona föðurafa Bandaríkjaforseta. Þrátt fyrir að vera ekki blóðskyld forsetanum talar hann um hana sem ömmu sína og hefur meðal annars heimsótt hana eftir að hann settist í embætti. - mþl

Kona liggur þungt haldin í öndunarvél eftir að eiginmaður hennar tók hana kverkataki á heimili þeirra:

Í gæsluvarðhald vegna manndrápstilraunar

LÖGREGLUMÁL Lögreglan handtók í gærmorgun ríflega sextugan karlmann sem grunaður er um að hafa reynt að ráða konu sinni bana á heimili þeirra í Grafarholti í gærmorgun.

Konan, sem er fædd árið 1967, lá þungt haldin í öndunarvél á gjörgæsludeild Landspítalans þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi, að sögn læknis á deildinni. Líðan hennar hafði haldist nokkurn veginn óbreytt frá því að komið var með hana fyrir hádegi.

Að loknum yfirheyrslum í allan gærdeg fór lögreglan fram á gæsluvarðhald yfir manningnum til 30. maí á grundvelli rannsóknarhagsmuna. Fallist var á kröfuna á ellefta tímanum í gærkvöldi.

Maðurinn er fæddur árið 1950. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins réðst hann á konu sína á heimili þeirra í gærmorgun og tók hana kverkataki þar til hún missti meðvitund. Ekki fengust upplýsingar um aðdraganda árásarinnar.

Lögreglu var tilkynnt um málið undir hádegi og var maðurinn handtekinn í kjölfarið og fluttur á lögreglustöð. Sjúkraliðar endurlífuguðu konuna á staðnum og hún var síðan flutt á bráðamóttöku.

Fólkið hefur verið í nokkurri óreglu, samkvæmt heimildum blaðsins. Maðurinn hlaut tveggja ára fangelsisdóm fyrir fíkniefnasmygl um miðjan níunda áratuginn, í máli sem á þeim tíma vakti töluverða athygli. - sh



VARÐHALD STAÐFEST Maðurinn var leiddur fyrir dómara í Héraðsdómi Reykjavíkur á ellefta tímanum í gær. Dómari féllst á gæsluvarðhaldskröfu lögreglu.

Handtekinn fyrir árás á hótelpernu

Dominique Strauss-Kahn, framkvæmdastjóri AGS, hefur verið ákærður fyrir að halda hótelpernu nauðugri í lúxussvítu sinni í New York, ráðast á hana og reyna að nauðga henni. Hann neitar sök. Var gripinn í flugvél á leið til Parísar.

NEW YORK, AP Dominique Strauss-Kahn, framkvæmdastjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS), var handtekinn síðdegis á laugardag um borð í flugvél á John F. Kennedy-flugvelli í New York orfáum andartökum áður en vélin tók á loft til Parísar. Hann er meðal annars grunaður um tilraun til nauðgunar.

Kærandinn er 32 ára þerna á Sofitel-lúxushótelinu á Manhattan, skammt frá Times Square. Hún ber að hún hafi verið beðin um að þrifa svítu Strauss-Kahns, sem henni skildist að væri mannlau.

Skyndilega hafi Strauss-Kahn hins vegar komið nakinn út af baðherberginu, elt hana eftir gangi og dregið hana inn í svefnherbergi þar sem hann hafi reynt að nauðga henni og í kjölfarið farið með hana inn á baðherbergið, þröngvað henni til munnmaka við sig og reynt að klæða hana úr nærbuxunum.

Konan komst loks undan, flúði út úr herberginu og sagði starfsfólki hótelsins hvað hefði gerst. Það kallaði rakleidis á lögreglu.

Þegar rannsóknarlögreglumenn mættu á staðinn örskömmu síðar var Strauss-Kahn hins vegar á bak og burt og hafði skilið farsímamann sinn eftir. „Svo virðist sem hann hafi flýtt sér í burtu,“ sagði Paul J. Browne, talsmaður lögreglunnar, við bandaríska fjölmiðla í gær.

Konan var flutt á sjúkrahús til aðhlyningar og var Strauss-



HNEYKSLI SEM VEKUR HEIMSATHYGLI Fjölmiðlar um heim allan fjalla um handtökuna á Dominique Strauss-Kahn, framkvæmdastjóra Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

NORDICPHOTOS/AFP

Kahn ákærður fyrir kynferðisbrot, tilraun til nauðgunar og frelsissviptingu. Hann var leiddur fyrir dómara síðdegis í gær eftir að þernan hafði borið kennsl á hann við formlega sakbendingu.

„Hann hafnar öllum ásökunum,“ sagði lögmáður hans í gær. Hann vildi ekki tjá sig frekar um málið, og svaraði til dæmis ekki spurningum fjölmiðla um það hvers vegna Strauss-Kahn hefði yfirhöfuð verið í New York. Höfuðstöðvar AGS eru í Washington og í gær átti hann að vera

staddur á fundi í Þýskalandi með kanslararanum Angelu Merkel.

Strauss-Kahn er 62 ára, giftur fjögurra barna faðir og hefur stýrt AGS í hálf fjórða ár. Hann hefur um nokkurt skeið verið orðaður við forsetaframboð fyrir sósíalista í Frakklandi á næsta ári og var búist við að hann myndi tilkynna um það fljótlega. Stjórnmalaskýrendur telja hins vegar að nú sé pólitískur ferill hans jafnvel á enda, hvernig sem málinu á hendur honum vindur fram.

Strauss-Kahn hefur áður komið sér í vandræði vegna kynferðismála. Árið 2008 fór fram rannsókn á því hvort hann hefði brotið gegn undirmanni sínum hjá AGS. Niðurstaðan var að samræði þeirra hefði verið með fullum vilja undirmannsins, en stjórnin ályktaði að Strauss-Kahn hefði sýnt mikið dómgreindarleysi. stigur@frettabladid.is



Tæp sextíu ár frá því að breskir sjómenn björguðu áhöfn frá Vestmannaeyjum:

Aðeins einn úr áhöfn eftir á lífi

FÓLK Rúmlega þrjátíu aðstandendur sjómanna á á bátnum Glað frá Vestmannaeyjum og fleiri Íslendingar voru viðstaddir þegar minningar- og þakkarskjöldur um sjómennina var afhjúpaður í Grimsby í Bretlandi á laugardag.

Báturinn, sem var úr furu, var smíðaður í Noregi árið 1924 og var á veiðum undan ströndum landsins í apríl árið 1954 þegar brotsjór kom á hann. Báturinn sökk og komst átta manna áhöfn hans um borð í gúmmibát sem þá var nýjung í fiskiskipum. Sjómenn á breska togaranum Hull City fundu sjómennina sólarhring síðar og kom þeim til heimahafnar.

Samkvæmt frásögn Vincents McDonagh, blaðamanns FishUpdate í Grimsby, er áhöfnin á Glað látin. Einn aðstandenda þeirra hefur síðastliðin tvö ár leitað uppi sjómennina á Hull City. Einn er á



HÖFNIN Í VESTMANNAEYJUM Átta mönnum var bjargað þegar bátur frá Vestmannaeyjum sökk undan ströndum landsins fyrir tæpum sextíu árum. MYND/ÓSKAR P. FRÍÐRIKSSON

lífi og er hann 82 ára. Sá var liðlega tvítugur þegar mönnum var bjargað og man hann vel eftir atburðinum. Hann segir að þegar sjómönnum íslensku var bjargað hafi þeim verið gefinn sopi af rommi og þeir færðir í hlý fót.

Í tilefni af viðburðinum var

messað í kirkju heilags Jakobs í Grimsby þar sem þessi síðasti eftirlifandi sjómaður af Hull City var heiðraður. Íslenskir prestar voru við athöfnina auk þess sem kór Íslendinga í London söng undir stjórn Matthildar Önnu Gísladóttur. - jab

Er þinn auður í góðum höndum?

Okkar viðskiptavinir velja óháðan aðila sem hefur skynsemi og áhættumeðvitund að leiðarljósi.

- Séreignarsparnaður
- Eignastýring
- Langtímasparnaður

Taktu góða ákvörðun



Borgartúni 29
S. 585 6500
www.audur.is

Láttu Nova græja upp farsímamann þinn!

**Netið
í símann!**
Fylgir í áskrift
150 MB/mán.
20 kr. í frelsi
5 MB/dag



3.490 kr.
á mánuði í 12 mánuði

LG Optimus One

2.000 kr. símnotkun
á mán. í 6 mán. fylgir!

Staðgreitt: 39.990 kr.

2.690 kr.
á mánuði í 12 mánuði

LG Optimus Me

1.000 kr. símnotkun
á mán. í 6 mán. fylgir!

Staðgreitt: 29.990 kr.



Ný sóknarfæri!

Sr. Guðrún Karlsdóttir prestur notfærir sér nútíma samskipti með framsæknum hætti til að ná til fólksins. Með **Facebook** í farsímanum getur hún verið í beinum tengslum við sóknarbörn sín, ekki síst af yngri kynslóðinni.



Farsími og fuglatíst!

Guðmundur Benediktsson, fyrrverandi atvinnumaður í knattspyrnu og núverandi íþróttafréttamaður, er með **Twitter** í farsímanum sínum. Fylgstu með Gumma Ben á Twitter og fáðu allt slúðrið úr enska og íslenska boltanum beint í símann þinn.



Hvað heitir lagið?

Sigurður Guðmundsson tónlistarmaður er með **Shazam** í farsímanum. Shazam getur sagt þér hvað lagið heitir sem þú ert að hlusta á. Shazam er eitt vinsælasta tónlistarforritið fyrir farsíma í heiminum í dag.



Vasaþjálfarinn!

Sara Björk, landsliðskona í fótbolta, notar **RunKeeper** í farsímanum. RunKeeper er frábært íþróttarrit sem heldur utan um þjálfunina og árangurinn. Runkeeper birtir upplýsingar um leiðina á götukorti, lengd í km, hraða og brennslu.



**Stærsti
skemmtistaður
í heimi!**

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, MM Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | m.nova.is | Facebook | Twitter

NOVA

GENGIÐ 13.05.2011

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	114,48	115,02
Sterlingspund	186,08	186,98
Evra	163,5	164,42
Dönsk króna	21,926	22,054
Norsk króna	20,876	20,998
Sænsk króna	18,196	18,302
Japanskt jen	1,4188	1,4270

SDR 182,47 183,55

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

218,9328

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Áratugur aðgerða hafinn: Taka á umferðarslysum

SAMGÖNGUR Hafin er herferðin „Áratugur aðgerða í umferðaröryggismálum“ sem standa mun árin 2011 til 2020. Starfshópur á vegum innanríkisráðuneytisins og fleiri aðila hefur sett fram áætlun um fyrstu skref sem miða að því að herða á ýmsum umferðaröryggisáðgerðum, auka rannsóknir og hvetja til aukinnar vitundar um afleiðingar umferðarslysa.

„Sameinuðu þjóðirnar hafa lýst árin 2011 til 2020 áratug aðgerða í umferðaröryggismálum“ segir í tilkynningu ráðuneytisins. - óka



NÝTT Á MARKAÐI Flugfélagið Delta hefur áætlað flug milli Íslands og Bandaríkjanna í næsta mánuði.

Fljúga milli Íslands og USA:

Fjölgar valkostum í flugfrakt

ÞJÓNUSTA Vöruflutningar flugfélagsins Delta milli Íslands og Bandaríkjanna, sem hefjast 2. júní næstkomandi, munu fjölga valkostum innflutnings- og útflutningsfyrirtækja hér á landi. Þetta segir í tilkynningu frá Delta.

„Það býður íslenskum inn- og útflytjendum upp á mikla og hraða vöruflutninga um víða veröld,“ segir Stephan Manigk, svæðisstjóri flutningsþjónustu Delta í Evrópu, í tilkynningunni.

Delta flýgur til 347 borga í 64 löndum í öllum heimsálfum og notar til þess 700 þotur. - þj

Evrópusambandið boðar breyttar reglur fyrir flugfarþega:

Reglur um vökva í farangri mildaðar

SAMGÖNGUR Farþegar sem koma með flugi frá landi utan Evrópusambandsins geta haft vökva með sér í tengiflug til flugvallar innan sambandsins samkvæmt nýjum reglum Evrópusambandsins.

Þrátt fyrir nýju reglurnar munu nokkur Evrópusambandslönd áfram banna vökva í handfarangri fyrir farþega sem ætla í tengiflug, þar á meðal Frakkland, Spánn, Bretland, Ítalía og Holland.

Reglurnar sem takmarka vökva í handfarangri í flugi voru settar í nóvember 2006 í kjölfar

samsæris um hryðjuverk sem uppgötvaðist í ágúst sama ár. Um tuttugu breskir ríkisborgarar tengdust samsærinu, sem gekk út á að fara með fljótandi sprengiefni um borð í flugvélar sem flugu yfir Atlantshafið, sem síðan átti að sprengja á flugi yfir hafinu.

Fyrirhugað er að aflétta alveg takmörkunum á vökva í handfarangri eftir tvö ár innan Evrópusambandsins, svo framarlega sem hægt verður að staðfesta hvert innihald vökvans er með tæknibúnaði.



VÖKVI Í HANDFARANGRI Óvíst er hversu mörg lönd munu áfram takmarka vökva í handfarangri. - ibs

Irving Oil skoðar aftur olíurekstur hér

Kanadísk risasamsteypa er talin eiga í viðræðum um kaup á olíufélagi. N1 og Skeljungur geta komið til greina. Fyrirtækið vildi hefja hér rekstur fyrir tæpum tuttugu árum. Olíufélagin sneru bökum saman og komu í veg fyrir áformin.

VIÐSKIPTI Forsvarsmenn kanadíska olíufyrirtækisins Irving Oil eru staddir hér á landi. Eftir því sem næst verður komist er tilgangur heimsóknarinnar að funda með stjórnendum íslenskra olíufélaga og kynna rekstri þeirra. Ekki er talið útilokað að þeir kaupi N1 eða Skeljung en bæði fyrirtækin eru í skyldum rekstri og Irving Oil í Kanada.

Fjárhagsleg endurskipulagning N1 hefur staðið yfir um nokkurt skeið og er stefnt að því að ljúka henni í sumar. Fyrir rúmum mánuði var tilkynnt um drög að samkomulagi á milli eigenda fyrirtækisins og kröfuhafa sem felur í sér að helstu lánardrottinnar og eigendur skuldabréfa félagsins, Arion banki, Íslandsbanki og lífeyrisgjóðir, taki olíuverslunina yfir.

Skeljungur hefur upp á síðkastið selt frá eignir, þar á meðal höfuðstöðvarnar í Reykjavík og ýms verkstæði.

Hermann Guðmundsson, forstjóri N1, kannast ekki við fyrirhuguð fundarhöld með forsvarsmönnum Irving Oil þegar hann var inntur eftir heim í gær. Ekki náðist í Einar Örn Ólafsson, forstjóra Skeljungs.

Irving Oil hefur í rúm sautján ára skeið haft hug á að hefja hér rekstur olíuverslunar, reisa hér birgðastöð og selja eigin olíu. Fyrirtækið hafði tryggt sér lóðir á nokkrum stöðum í Reykjavík, svo sem í Sundahöfn árið 1995. Stjórnendur olíufélaganna þriggja, Esso (nú N1), Olís og Skeljungur brugðust hart við og mótmæltu áformunum. Niðurstaðan varð sú að



EIN BENSINSTÖÐVA SKELJUNGS Einn viðmælenda Fréttablaðsins í gær sagði öll olíufyrirtækin hér föl fyrir rétt verð um þessar mundir. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Olíufélagin gegn Irving Oil

Forstjórarnir olíufélaganna þriggja, ESSO (nú N1), Olís og Skeljungs, funduðu um hugsanlega samkeppni við Irving Oil í febrúar 1995. Í fundargerð framkvæmdastjórnar Olís frá janúar sama ár kemur fram að Einar Benediktsson forstjóri hafi sent bréf til að hvetja hin olíufélagin til að láta undirskriftalista liggja frammi á bensinstöðvum í mótmælaskyni við fyrirhugaðan rekstur Irving Oil hér á landi. Árið síðar hætti Irving Oil við áform sín. Samkeppnisráð komst að því að olíufélagin hefðu haft samráð sín á milli og brotið gegn 10. grein samkeppnislaga í þeim tilgangi að hindra innkomu nýrra keppnauta á markaðinn.

forsvarsmenn Irving Oil drógu í land. Forsvarsmenn Irving Oil hafa nokkrum sinnum borð viðurnar í rekstur hér síðan þá og síðan í byrjun árs 2000 hefur félagið Irving smurólíur á Íslandi verið með starfsemi hér á landi í tengslum við innflutning á smurólíum undir eigin nafni.

Irving Oil var stofnað í Nýju-

Brunswick í Kanada árið 1924 og hefur félagið frá upphafi verið í eigu hinnar vellauðugu Irving-fjölskyldu. Fyrirtækið á í dag ráðandi hlut í um þrjú hundruð fyrirtækjum í olíuviðnaði, olíuhreinsun, smásöluverslun, iðnaði og fjölmörgum. Þá rekur félagið um tvö þúsund bensinstöðvar á austurströnd Kanada. jonab@frettabladid.is

DV tapar 53 milljónum króna:

Búast við hagnaði á næsta ári

FJÖLMÍÐLAR 53 milljóna króna tap var á rekstri DV í fyrra. Uppgjörssárið nær frá apríl 2010 þegar nýir eigendur komu að blaðinu. DV var áður í eigu Birtings.

Í uppgjörinu kemur fram að sölutekjur hafi numið 286 milljónum króna mánuðina nú. Rekstrartap (EBITDA) nam 36 milljónum króna. Inni í tölunum er niðurfærsla á 17 milljónum króna af viðskiptavild og -kröfum. Gert er ráð fyrir fimm til 15 milljónum króna rekstrartapi á þessu ári, en hagnaði á því næsta. - jab



FRÁ KRÓATIÚ Ísland, Króatía, Makedónía, Svartfjallaland og Tyrkland eru, formlega séð, næst því að fá aðild að ESB. NORDICPHOTOS/GETTY

ESB-ríki þrýsta á um flyti:

Króatíu verði hjálpað í ESB

EVROÞUMÁL Ýmis ríki Evrópusambandsins þrýsta nú á um að liðkað verði fyrir samningaviðræðum Króatíu og ESB svo landið geti klárað aðildarviðræður sínar í sumar.

Króatía sótti um aðild að ESB í febrúar 2003, en illa hefur gengið að ljúka við samningakafila um dómsmál, þar sem ESB gerir kröfur um umbætur til að draga úr spillingu. Einnig standa út af samkeppnis- og sjávarútvegsmál.

Þrýstingur til að flýta fyrir aðild mun meðal annars hafa borist frá Þýskalandi og Austurríki. En Hollendingar hafa farið fyrir hópi sem vill tryggja að Króatía uppfylli alveg þær kröfur sem gerðar eru til dómsherfa aðildarríkja. -kóp

Símaskráin 2011 komin út:

Gillzenegger gefur góð ráð

FOLK Símaskráin 2011 kom út á laugardag. Bókinni er dreift í 150 þúsund eintökum.

Egill Einarsson, þekktur sem Gillzenegger, tók þátt í útgáfu skrárinnar, en í henni er að finna nýjar útfærslur á líkamsræktaræfingum þar sem Símaskráin kemur að góðum notum fyrir þá sem vilja „massa sig upp“. - jab

SIEMENS

„The Diamond Standard“
uppvottavélatöflurnar frá
Finish fylgja með öllum
Siemens uppvottavélum.

**Uppvottavélar
nú á
tilboðsverði**

Uppvottavél -SN 45M203SK
Tilboðsverð:
139.900 kr. stgr.
(Verð áður: 189.900 kr.)

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

VEÐURSPÁ

Snjólaug Ólafsdóttir
veður-
fréttamaður

**LÍTIÐ SÓLBAÐS-
VEÐUR** Væta vestanlands í dag og þykkar upp austan til er líður á daginn. Víða næturfröst. Á morgun hvesir með deginum og gæti farið yfir 20 m/s við suðurströndina. Birtir til á Suður- og Suðvesturlandi á miðvikudag.

Á MORGUN
3-10 m/s, hvesir við S-ströndina.


MÍÐVIKUDAGUR
Fremur hægur vindur víðast hvar en hvaslara á Vestfjörðum.

HEIMURINN	°C
Alicante	21°
Basel	23°
Berlín	15°
Billund	13°
Frankfurt	17°
Friedrichshafen	18°
Gautaborg	12°
Kaupmannahöfn	12°
Las Palmas	21°
London	19°
Mallorca	22°
New York	24°
Orlando	29°
Ósló	14°
París	17°
San Francisco	16°
Stokkhólmur	12°

Vindhraði er í m/s.
Hítastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Eignastýring MP banka

ÁRANGUR OKKAR TALAR SÍNU MÁLI



Meðalávöxtun er 14,4% á síðustu 8 árum.*

Súluritið sýnir ávöxtun leiðar 1 hjá eignastýringu MP banka 2003-2010. Leið 1, varfærin stýring, má fjárfesta í skuldabréfum 50-100% og hlutabréfum 0-50%. Öll innlend hlutabréf leiðarinnar voru seld fyrir mitt árið 2008. Starfsfólk eignastýringar hefur vakandi auga fyrir nýjum tækifærum sem kunna að myndast á hlutabréfamarkaði á næstunni. Meðalverðbólga er 6,4% á síðustu 8 árum.

* Nafnávöxtun eignastýringarleiðar 1, 2003-2010 skv. útreikningi MP banka. Ávöxtun miðast við söfn í stýringu allt árið. Ávöxtun er sýnd án þóknana en þær eru mismunandi eftir stærð safna. Um 65% viðskiptavina eignastýringar MP banka eru nú í leið 1. Athugið að ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð.

14,4%

Meðalávöxtun á síðustu 8 árum*

MP banki hefur langa reynslu af eignastýringu fyrir einstaklinga, félög og sjóði. Aðferðafræði eignastýringar MP banka hefur skilað viðskiptavinum framúrskarandi árangri óháð markaðsaðstæðum hverju sinni.

Kynntu þér eignastýringu MP banka á www.mp.is eða hafðu samband í síma 540 3200.



BANKI

Ármúla 13a | Borgartúni 26 | 540 3200 | www.mp.is

KJÖRKASSINN



Fylgdist þú með opunarhátíð tónlistarhússins Hörpu?

JÁ	24,5%
NEI	75,5%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Horfðir þú á lokakeppni Eurovision á laugardag?

Segðu þína skoðun á vísiris



Landsfundur Hreyfingarinnar: Þjóðin fram af efnahagslegu hengiflugi

STJÓRN MÁL Landsfundur Hreyfingarinnar var haldinn á Grand hóteli á laugardag. Ályktaði fundurinn að sitjandi ríkisstjórn væri að leiða þjóðina fram af efnahagslegu hengiflugi og að forsvarsmenn hennar yllu ekki starfi sínu.

Þá voru baráttukveðjur sendar stjórnlagaráði en ráðsmönnum var óskað til hamingju með frábært starf. Loks hvatti fundurinn almenning til að fylgjast með störfum ráðsins, taka þátt í starfi þess og styðja þá hugmynd að drög að nýrri stjórnarskrá fari í ráðgefandi atkvæðagreiðslu áður en Alþingi fær þau til meðferðar.

- mþl

6

Sparisjóður Suður-Þingeyinga metur valkosti varðandi framtíð sparisjóðanna:

Skoða sameiningar og samstarf

VIÐSKIPTI Hagnaður eftir skatta nam 25,5 milljónum króna á rekstri Sparisjóðs Suður-Þingeyinga á síðasta ári. Aðalfundur sjóðsins var nýverið haldinn á Breiðumýri.

Í tilkynningu sjóðsins kemur fram að niðurstaða efnahagsreiknings hans um áramót hafi verið um 7,5 milljarðar króna. „Viðskiptavinum Sparisjóðs Suður-Þingeyinga fjölgar stöðugt,“ segir þar einnig.

Á fundinum var stjórn sparisjóðsins endurkönnuð, en stjórnarformaður er Ari Teitsson og

25,5 milljóna króna hagnaður

var á rekstri Sparisjóðs Suður-Þingeyinga í fyrra samkvæmt ársreikningi.

sparisjóðsstjóri Guðmundur E. Lárússon. „Auk hefðbundinna aðalfundastarfa var meðal annars gerð grein fyrir hugmyndum nefndar sem lagt hefur mat á valkosti varðandi framtíð sparisjóð-

anna á Íslandi og var stjórn sparisjóðsins veitt heimild til viðræðna við nærliggjandi sparisjóði um nánara samstarf eða mögulegar sameiningar.“

Þá kemur fram í tilkynningu sjóðsins að hann hafi stutt „fjölda góðra verka“ á starfsárinu. Nefndur er einnar milljónar króna styrkur til gerðar heimildarmyndar um Laxárdeiluna, en 40 ár eru frá því Miðkvíslarstíflan var sprengd. „Þá fékk Styrktarfélag Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga 300.000 króna framlag til kaupa á speglunartæki.“

- óká

Icelandair skilar uppgjöri:

Minna rekstrar-tap en í fyrra

VIÐSKIPTI Icelandair tapaði 1,1 milljarði eftir skatta á fyrsta ársfjórðungi 2011. Það er nokkru minna tap en á sama tíma í fyrra, þegar það var 1,9 milljarðar.

Heildarvæltan á þessum fyrstu þremur mánuðum ársins var 16 milljarðar og dróst saman um tvö prósent á milli ára. Í tilkynningu frá Icelandair segir að Icelandair hafi þurft að verja 0,8 milljörðum meira í eldsneyti vegna 42 prósent hækkingar á olíuverði milli ára. Í ljósi aðstæðna séu stjórnendur sáttir við afkomuna.

- sh

LÖGREGLUMÁL

Ökufantar enn á ferð

Prettán ökumenn af 33 öku of hratt, þegar lögregla fylgdist með ökutækjum sem ekið var um Hjarðarhaga fyrir helgi, en þar er 30 kílómetra hámarkshraði. Þeir sem öku hraðast fóru á 50 kílómetra hraða. Þá voru brot 11 ökumanna af 24 mynduð í Furugrund í Kópavogi, þar sem einnig er 30 kílómetra hámarkshraði. Sá sem hraðast ók var á 46 kílómetra hraða.

DÓMSMÁL

Feðgar dæmdir

Feðgar hafa verið dæmdir í héraðsdómi til skilorðsbundinnar refsingar fyrir líkamsárás. Þeim var gefið að sök að hafa í sameiningu ráðist á starfsmann Fjarðarkaupa og föðurnum fyrir að ráðast síðan á annan mann, sem reyndi að hjálpa starfsmanninum. Starfsmaðurinn hafði sakað konu sem var með feðgunum um þjófnað. Dómurinn taldi sök feðganna sannaða og dæmdi föðurinn í 45 daga fangelsi en soninn í 30 daga.

Arabískt vor vekur von í mannréttindum

Ákveðin tímamót eru í mannréttindamálum nú, segir framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Amnesty. Alþjóðleg krafa er um breytingar. Ársskýrsla Amnesty er nýútkomin og segir frá mannréttindabrotum í 157 löndum á síðasta ári.

MANNRÉTTINDI „Þetta eru einföldustu grundvallarmannréttindi sem fólk er að krefjast og það gerir móti skriðdrekum og byssukúlum og vitandi að það getur átt barsmíðar yfir höfði sér,“ segir Jóhanna K. Eyjólfsdóttir hjá Íslandsdeild Amnesty um ástandið í Miðausturlöndum og Norður-Afríku. Ársskýrsla Amnesty kom út í fyrir helgi.

Jóhanna segir Amnesty finna miklar breytingar, ekki síst á undanföllum mánuðum. „Það er einhver alþjóðleg krafa núna, fólk nennir þessu ekki lengur og segir hingað og ekki lengra. Það vill fá vinnu, vill geta tjáð hug sinn og vill geta kosið og haft áhrif á hverjir stýra landinu. Fólk vill líka geta lifað með reisni í eigin landi en ekki þurfa að fara til Evrópu og fá þar lélegt starf. Það vill bara fá að lifa heima hjá sér.“

Jóhanna segir uppreisnirnar viðkvæmar. „Það getur brugðið til beggja vona eins og við sjáum í þessum löndum. Ekki síst í Sádi-Arabíu, Íran og Kína, þessi lönd sem vita að það er ólga og þau eru að herða tökin meira og meira.“

Í skýrslunni eru tekin fyrir mannréttindabrot í 157 löndum sem áttu sér stað á síðasta ári. „Ef maður skoðar lönd eins og Líbíu, Túnis og Egyptalandi þá hefur Amnesty skráð mannréttindabrot í þessum löndum í áratugi. Pynntingar, handtökur án dóms og laga og þessi rosalegu höft á tjáningarfrelsi. Það sem við erum að horfa upp á í dag er að fólk stendur upp andspænis valdinu og mótmælir þessari kúgun og einræði.“



LÍBÍA Arabíska vorið svokallaða hefur vakið upp vonir en enn getur brugðið til beggja vona í Miðausturlöndum og Norður-Afríku.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fólk nennir þessu ekki lengur og segir hingað og ekki lengra. Það vill fá vinnu, vill geta tjáð hug sinn og vill geta kosið og haft áhrif á hverjir stýra landinu.

JÓHANNA K. EYJÓLFSDÓTTIR
AMNESTY INTERNATIONAL

Þá er í skýrslunni fjallað um þær breytingar sem ný samskiptatækni hefur haft í för með sér. „Það er ekki lengur hægt

að stöðva upplýsingagjöfina. Ef lögregla ræðst inn á fund þá eru margir með farsíma, taka það upp og koma því áfram. Þessir nýju samskiptavefir eru að breyta því hvernig fólk vinnur saman að mannréttindum. Við sjáum að núna eru tímamót í mannréttindabaráttu, meðal annars út af því hvernig fólk getur tengst.“

„Þetta arabíska vor, sem nú er verið að reyna að kæfa, það vekur ákveðnar vonir. Alþjóðasamfélagið verður að standa með mannréttindum.“

thorunn@frettabladid.is

Undirbúningur hafinn hjá HB Granda á Vopnafirði fyrir síldar- og makrílvertíð:

Þurfa að fjölga starfsfólki mikið

SIÁVARÚTVEGUR Undirbúningur fyrir komandi síldar- og makrílvertíðar er í fullum gangi hjá uppsjávarfrystihúsi HB Granda á Vopnafirði og fyrirsjáanleg er mikil fjölgun starfsmanna í sumar og fram eftir hausti. Fastráðnir starfsmenn í frystihúsinu eru að jafnaði um fjórutíu talsins en í sumar munu á annað hundrad manns taka þátt í fiskvinnslunni á staðnum, segir í frétt á vef fyrirtækisins.

Þótt ekki hafi verið auglýst eftir starfsfólki til að standa vaktina í sumar og fram eftir hausti hafa nú þegar um 115 umsóknir um störf borist HB Granda á Vopnafirði. Unglingar á Vopnafirði og í nærsvæitum fengu í fyrrasumar sumarvinnu í frystihúsinu en þá hafði slík vinna ekki staðið þessum aldursþópi til boða í áratugi.

Að sögn Magnúsar Róbertssonar, vinnslustjóra hjá HB Granda, ganga heimamenn fyrir um vinnu



DEMANTSSÍLD Margir þurfa að sameinast um vinnslu síldar og makríls á Vopnafirði í sumar og haust.

MYND/HERMANN

og einnig þeir sem fengið geta gistingu hjá vinum og vandamönnum meðan á vertíðinni stendur. Þrátt fyrir það þurfi félagið örugglega að leigja húsnæði á Vopnafirði fyrir

um fimmtán til tuttugu manns í sumar og fram á haustið. Stefnt er að því að skip HB Granda fari til veiða á síld og makríl í byrjun júní.

- shá



HEIMSENDINGAR
UM ALLT LAND

Lækkaðu lyfjakostnaðinn

SUÐURLANDSBRAUT 22
SÍMI 533 6100
LYFJAVER.IS

Opíó mán-fös 8.30-18 og lau 10-14

LYFJAVER

APÓTEK + LYFJASKÖMMTUN

KRYDDSMJÖR

gerir grillmat að hreinu lostæti!



HANDHÆGAR
UMBÚÐIR






Sigur réttlætis í sjúkdómatryggingum

Með nýrri lagasetningu Alþingis þann 14. apríl síðastliðinn vannst sigur í því réttlætismáli að bætur sjúkdómatrygginga verði skattfrjálssar. Jafnframt er skattyfirvöldum heimilt að endurgreiða tekjuskatt sem þau hafa innheimt af bótagreiðslum úr sjúkdómatryggingum.

OKKAR líftryggingar hf. beittu sér fyrir því að bundið yrði í lög að bætur sjúkdómatrygginga væru skattfrjálssar. Þeim er ætlað að auðvelda fólki að takast á við gjörbreyttar aðstæður í lífi sínu og eru í eðli sínu bætur til að mæta nýjum fjárhagslegum forsendum og breyttu lífsmynstri.

Ekki er eðlilegt að skilgreina bótagreiðslur af þessu tagi sem tekjur. Þess vegna fögnum við nýrri lagasetningu Alþingis og bendum þeim sem fengið hafa bætur úr sjúkdómatryggingum á undanförunum misserum á rétt sinn til endurgreiðslu hafi þær verið skattlagðar.



1. Hvað stefnir stór hluti lítilla og meðalstórra fyrirtækja landsins í þrot?
2. Hvað á stórt hlutfall umfrakvóta að fara í potta samkvæmt frumvarpi um stjórn fiskveiða?
3. Hver eru fyrirtæki ársins samkvæmt árlegri könnun VR?

SVÖRIN

1. Fimmtán hundruð af þeim sex þúsund púnsaðu...
2. Allt að helmingur...
3. S-...
lenska gámaþvöngur og Vinnuþótt.



Á FERÐINI Nýr bátur sjóferðafyrirtækisins Gentle Giants á Húsavík fékk nafnið Amma Sigga. MYND/GUNNAR SÆVARSSON

Hraðskreið amma á ferð: Amma Sigga siglir um sæinn

FERÐAMÁL Amma Sigga heitir nýr bátur sjóferðafyrirtækisins Gentle Giants á Húsavík. Báturinn, sem er með tvo 300 hestafla utanborðsmótora, kom til hafnar fyrir um viku, en þá var haldið upp á tíu ára afmæli fyrirtækisins og 150 ára sögu fjölskyldunnar sem stendur að því.

Nafnið fékk báturinn frá ömmu Stefáns Guðmundssonar, eiganda og framkvæmdastjóra Gentle Giants, en hún bjó alla sína tíð við Skjálfaflóa. Báturinn verður notaður í skoðunarferðir til Lundeyjar og í stórhvalaskoðun. -rat

LÖGREGLUMÁL

Lögregla vill aðstoð
Brotist var inn í tvö íbúðarhús á Sel-fossi síðastliðinn fimmtudag, annað við Birkirgrund og hitt við Fífumóa. Stolið var skartgripum, fartölvu og peningum. Þá var dísilólú stolið af vörubíl sem stóð við Hrísmýri. Þá var brotist inn í bifreið í Borgarheiði í Hveragerði og stolið útvarpstæki og MP3-spilara. Lögreglan biður þá sem veitt geta upplýsingar um þessi innbrot og þjófnaði að hafa samband í síma 480 1010.

Stefnt að því að fjarskiptafyrirtækin Tal og Vodafone renni saman í eina sæng: Borga með eignarhlut Auðar í Tali

VIÐSKIPTI Fjárfestirinn Kjartan Örn Ólafsson og Auður I, fagfjárfestingarsjóður á vegum Auðar Capital, hafa gert tilboð í tíu prósent hlut í eignarhaldsfélaga Vodafone. Stjórn Eignarhaldsfélags Fjarskipta, eigenda Vodafone, hefur samþykkt tilboðið. Fyrirvari er um samþykki Samkeppniseftirlitsins og niðurstöðu áreiðanleikakönnunar. Framtakssjóðurinn, sem er í eigu sextán lífeyrissjóða, á um áttafju prósent hlut í Vodafone. Kaupin fela í sér að hlutur sjóðs Auðar í Tali er lagður fram sem greiðsla og er stefnt á að félögin

renni saman. Sjóðurinn keypti Tal í júní í fyrra og eignaðist Kjartan fimm prósent hlut í fjarskiptafyrirtækinu um svipað leyti. Sjóður Auðar Capital greiddi 594 milljónir króna fyrir Tal á sínum tíma. Talið er að heildarverðmæti Vodafone sé á bilinu átta til tólf milljarðar króna, fjór- til sexfaldur rekstrarhagnaður síðasta árs. Miðað við það er verðmæti tíu prósent hlutar á milli átta hundruð milljónir til 1,2 milljarðar króna. Eftir því sem næst verður komist vegur viðskiptavild þar sem upp á vantar, sem eru viðskiptavinir



ALLT Í FARSÍMANUM Gangi allt eftir gætu viðskiptavinir Tals færst yfir til Vodafone á næstu mánuðum.

Tals sem fara til Vodafone verði af sameiningu. -jab

Útblásturinn í minna lagi hér: Losunin í ál-iðnaði minni

STÓRIÐJA Losun gróðurhúsalofttegunda í íslenskum ál-iðnaði dróst saman um 0,5 prósent á milli 2009 og 2010. Losun flúorefna minnkaði um fjögur prósent milli ára, að því er segir í fréttatilkynningu frá Samtökum álframleiðenda.

Losun gróðurhúsalofttegunda í ál-iðnaði hér er með því minnsta sem þekktist í álframleiðslu í heiminum og hefur minnkað um 73 prósent á hvert framleitt tonn frá árinu 1990. Losun flúorefna hefur á sama tímabili minnkað um liðlega níutíu prósent. -ibs

Metanbílar ýta undir sölu-tölur í flokki lúxusbifreiða

Sala nýrra fólksbíla hefur tvöfaldast milli ára fyrstu fjóra mánuði ársins samkvæmt tölum Umferðarstofu. Hlutdeild dýrari bíla hefur aukist. Metanbílar nema 40 prósentum af sölu nýrra fólksbíla frá Mercedes-Benz.

VIÐSKIPTI Sala lúxusbíla hefur þrefaldast milli ára að því er fram kemur í tölum Umferðarstofu um sölu nýrra bíla fyrstu fjóra mánuði ársins. Þá má sjá að heildarsala fólksbíla hefur meira en tvöfaldast þegar bornir eru saman mánuðirnir janúar til apríl árin 2010 og 2011.

Þegar horft er á einstakar tegundir má sjá að hlutdeild lúxusbíla í sölu hefur aukist í sölutölum milli ára. Fyrstu fjóra mánuði ársins 2010 var hlutur þeirra 5,5 prósent í heildarsölu ársins, en er á þessu ári tæp 7,4 prósent. Þó hefur fjöldi seldra lúxusbíla nær þrefaldast á milli ára á tímabilinu, fer úr 22 bílum í 61. Er þá horft til sölu nýrra bíla frá framleiðendum Audi, BMW, Lexus, Mercedes-Benz og Porsche.

Af þessum tegundum er mest er selt af Mercedes-Benz bílum, en sala á þeim nemur rúmum helmingi heildarfjöldi lúxusbíla. Á árinu hafa verið skráðir 35 nýir Mercedes-Benz bílar, en á sama tíma í fyrra voru þeir átta talsins. „Að hluta skýrir góðan árangur Mercedes-Benz að þeir bjóða mjög hagkvæma útgáfu af metanknúnum fólksbíl,“ segir Jón Trausti Ólafsson, framkvæmdastjóri bílaumboðsins Öskju. Hann segir að í sölu ársins séu fimmtán nýir metanfólksbílar, en það



Á BÍLASÝNINGU Á INDLANDI 3. MAÍ Á þessu ári fagnar Mercedes-Benz 125 ára afmæli, sem jafnframt er afmæli bílsins. NORDICPHOTO/AF

sé um 40 prósent af heildarsölu fólksbíla frá Mercedes-Benz á þessu ári. Þá sé aukin sala vísending um að markaðurinn sé að taka við sér því salan hafi að megninu til verið til einstaklinga. „En síðan eru að koma á markað nýjar gerðir af stærri metanknúnum bílum, til dæmis E-Class sem hentar vel í leigubíla-arekstur,“ segir hann og kveðst afar ánægður með byrjunina á árinu. olíkr@frettabladid.is

Sala lúxusbíla og heildarsala fólksbíla janúar til apríl

Tegund	Jan-apríl 2011	hlutdeild	Jan-apríl 2010	hlutdeild
Audi	10	1,21%	1	0,25%
BMW	6	0,72%	12	3,00%
Lexus	8		1	2,22%
Mercedes-Benz	35	4,23%	8	2,00%
Porsche	10	1,21%	1	0,25%
Lúxusbílar alls	61	7,37%	22	5,50%
Fólksbílar alls	828		400	

Heimild: Umferðarstofa

Efling-stéttarfélag Verkalýðsfélagið Hlíf Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis

Nýr kjarasamningur á almennum vinnumarkaði – Póstatkvæðagreiðsla er hafin

Hafin er sameiginleg póstatkvæðagreiðsla um nýjan kjarasamning Eflingar-stéttarfélags, Verkalýðsfélagsins Hlífar og Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis við Samtök atvinnulífsins fyrir störf á almennum vinnumarkaði.

Atkvæðisrétt eiga allir félagsmenn í ofangreindum félögum sem vinna eftir þessum samningi og greiddu félagsgjöld til einhvers þessara félaga í mars/apríl 2011.

Kjörgögn og kynningarefni hefur verið sent út samkvæmt kjörskrá.

Fái einhver sem telur sig eiga atkvæðisrétt ekki send kjörgögn, getur viðkomandi snúið sér til skrifstofu síns stéttarfélags, og fengið sig færðan á kjörskrá og greitt atkvæði, enda leggi viðkomandi fram launaseðil sem sanni afdregin félagsgjöld í mars/apríl 2011.

Tekið er við kjörskrákærum samkvæmt framansögðu til kl. 15.00 þriðjudaginn 24. maí en þá lýkur atkvæðagreiðslu um samninginn.

Athugið. Til þess að tryggja sé að atkvæðið berist kjörstjórn fyrir lok tímabrests þá er nauðsynlegt að pósthleggia svarumslagið í síðasta lagi föstudaginn 20. maí. En þeir sem það vilja geta skilað svarumslaginu á skrifstofu félaganna til kl. 15.00 þriðjudaginn 24. maí.

Reykjavík, 10. maí 2011.

Kjörstjórn Flóabandalagsins



FRÁ HÁSKÓLATORGI Nýskráningum í háskólanám hefur fjölgað mikið síðustu ár. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Nýnemum á háskólastigi hefur fjölgað síðustu ár: Tvöfalt fleiri í háskólana

MENTUN Nýnemar á háskólastigi á Íslandi síðasta haust voru næstum tvöfalt fleiri en haustið 1997. Í tölum Hagstofu kemur fram að haustið 2010 hafi nýnemar verið tæplega 3.900. Þar segir jafnframt að nýnemar hafi verið enn fleiri haustið 2009, tæplega 4.400, en það er metfjöldi. Karlar voru að jafnaði tæplega fjórutíu prósent nýnema frá 1997 til 2007. Árin 2008 og fram til síðasta hausts er hlutfall karla yfir fjörutíu prósentum öll árin og hæst í fyrra, 43,5 prósent. Fjölgun nýnema í yngstu aldrshópnum er áberandi síðustu

ár. Þannig voru nemendur tuttugu ára og yngri 20,5 prósent nýnema haustið 2007 en 27,5 prósent í fyrrahaust. Erlendir ríkisborgarar í hópi nýnema síðasta haust voru 745, tæpur fimmtungur allra nýnema. Þeir voru hlutfallslega flestir á doktorsstigi, um það bil þrjátíu prósent. Þá hefur þeim fjölgað mikið sem endurskráðir hafa verið í háskólanám eftir að hafa verið utan skóla í meira en eitt ár. Fjöldi þeirra þrefaldaðist og voru rúmlega 3.200 í þeim hópi síðasta haust. -þj

Electrolux
EKF-7000 Kaffivél
 Alvöru kaffivél sem hitar vatnið 96°C. Fékk hæstu einkunn í gæðakönnun sænsku neytendasamt. Með klukku og Auto Off. Verð áður kr 17.990

best i test
96°C heitt

Verð nú **28% AFSLÁTTUR**
12.990

thermokanna

cloer
5040 Kaffivél
 Flott stálkaffivél sem heilir beint uppá thermo hitakönnu. Fljót að hella uppá. Verð áður kr 10.990

Verð nú **28% AFSLÁTTUR**
7.990

Electrolux
EEA-250 Kaffivél
 Alvöru kaffivél þar sem þú getur lagað uppáhalds kaffidrykkina þína s.s. latte, cappuccino og ekta espresso. Með mjólkurfreyði og 15 bara þrýsting. Svört. Verð áður kr 34.900

kaffi latte
cappuccino
espresso

Verð nú **29% AFSLÁTTUR**
24.900

TRISTAR
WK-1310 Hraðsuðukanna
 1,7 ltr 2000W
 Áður 5.990

Verð nú **50% AFSLÁTTUR**
2.990

TRISTAR
BR-1008 Brauðrist
 Hvít fyrir 2 sneiðar
 Áður 3.990

Verð nú **50% AFSLÁTTUR**
1.990

cloer
4709 Hraðsuðukanna
 Flott hönnun
 Áður 13.990

Verð nú **29% AFSLÁTTUR**
9.990

4 sneiða

cloer
3710 Brauðrist
 Brauðrist fyrir 4 sneiðar. Áður 9.990

Verð nú **20% AFSLÁTTUR**
7.990

Electrolux
ESB-4600 Blandari
 Bytlingarkenndur ofurhljóðlátur blandari með kraftmiklum 600W mótör. Þríhyrningslöguð glerkanna sem blandar betur og hraðar. 6 hraðastillingar. Auðveldur í þrifum. Malar ís létt. Verð áður kr 21.990

Verð nú **37% AFSLÁTTUR**
13.990

Ný glerkanna
Ofurhljóðlátur

TRISTAR
MX-4154 Töfrasproti
 Með fylgihlutum
 Áður 6.990

Verð nú **50% AFSLÁTTUR**
3.490

TRISTAR
Creme Brulee sett
 Með 4 skálum. Áður 5.990

Verð nú **34% AFSLÁTTUR**
3.990

TRISTAR
KP-6182 Lítil borðhella
 18,5 cm / 1500W
 Áður 6.990

Verð nú **43% AFSLÁTTUR**
3.990

TRISTAR
PZ-2963 Rafmagnspanna
 30 cm með loki
 Áður 5.990

Verð nú **34% AFSLÁTTUR**
3.990

TRISTAR
SA-2133 Samlokugrill
 Fyrir 2 samlokur
 Áður 4.990

Verð nú **40% AFSLÁTTUR**
2.990

DOMO
DO-2305I Ísvél
 Lagaðu ekta mjólkur- eða rjómaís og krapís. Lagar allt að 750 ml í einu. Áður 10.990

Verð nú **28% AFSLÁTTUR**
7.990

AEG
LN-69260 Þvottavél
 Vönduð þvottavél með notendavænu stjórnborði og stóru hurðaropi

- ✓ 1200 sn. stillanlegur vinduhráði
- ✓ Tekur allt að 6 kg. af tauti
- ✓ Hraðval
- ✓ Framstíllt gangsetning möguleg
- ✓ Stórt 30 cm hurðarop
- ✓ Öflugt handþottakerfi og ullarvaggja
- ✓ Sérstök blettameðhöndlun

Verð áður kr 134.900

ÞÚ SPARAR 30.000

Verð nú **94.900**

settt tilboð

Bæði tækin
199.900

Barkalaus Rakaskynjari

AEG
TN-65570L Barkalaus þurrkari
 Með fullkomnum rakaskynjara og fjölmörgum sérkerfum fyrir viðkvæman og venjulegan fatnað

- ✓ Tekur allt að 7 kg af tauti
- ✓ Sérkerfi fyrir ull, gallabuxur, silki ofl.
- ✓ Krumpuvörn
- ✓ LCD Skjár og hljóðmerki
- ✓ Orkuflökkur B
- ✓ Hægt að tengja frárennsli í niðurfall
- ✓ Framstíllt gangsetning möguleg

Verð áður kr 149.900

ÞÚ SPARAR 35.000

Verð nú **114.900**

Electrolux
ENB-24100W Kæli- og frystiskápur
 Hér þarftu aldrei aftur að affrysta frystinn. Hann sér um það sjálfur.

- ✓ 165 lítra kæli og 55 lítra frystir (nettó)
- ✓ Sjálfvirk affrýsting í kæli og frysti
- ✓ Björt lýsing
- ✓ HxBxD 168x55x60 cm

Verð áður kr 149.900

1,68 m

Einnig fáanlegar
133 L kr. 59.900
205 L kr. 64.900

ÞÚ SPARAR 50.000

Verð nú **99.900**

ÞÚ SPARAR 20.000

Verð nú **39.900**

exquisit
GT-111 Frystikista
 98 lítra frystikista í A+ orkuflökki

- ✓ HxBxD: 86x54x54 cm
- ✓ Verð áður kr. 59.900

34%

SÍÐUSTU DAGAR!

LAGER HREINSUN

exquisit
KB-45 Kælskápur
 Lítil og nettur kælskápur með litlu frystihófi.

- ✓ 40 lítra kæli og 6 lítra frystir
- ✓ Orkuflökkur A
- ✓ HxBxD: 51x44x47 cm

Verð áður kr 34.900

ÞÚ SPARAR 10.000

Verð nú **24.900**

exquisit
EKC-30F helluborð

- ✓ 4 hellur
- ✓ Snertitakkar og barnalæsing

Verð áður kr 64.900

ÞÚ SPARAR 15.000

Verð nú **49.900**

Einnig fáanlegar
SPAN kr. 79.900
GAS kr. 29.900

ÞÚ SPARAR 13.000

Verð nú **16.900**

exquisit
KH-604 Veggháfur

- ✓ Sogafköst 450 m³ á klst
- ✓ 2 x 40W ljós
- ✓ Burstað stál
- ✓ Breidd 60 cm

Verð áður kr 29.900

Opíð
 virka daga 10-18
 laugardaga 11-16

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
 Sími 5880500
www.rafha.is



MÓTMÆLA ATVINNULEYSI Fleiri hundruð manns tóku þátt í mótmælum hópsins "Youth Without a Future" í Madrid á Spáni í gær, en í landinu eru 43,5 prósent fólks undir 25 ára aldri án vinnu.

NORDICPHOTOS/AFP

Bæjarfulltrúar til Brussel:

Kynnast betur málefnum ESB

SVEITARSTJÓRNIR Samband íslenskra sveitarfélaga gengst fyrir kynnisferð fyrir sveitarstjórnarmenn til höfuðvígis Evrópusambandsins í Brussel. „Markmið ferðarinnar er að sveitarstjórnarmenn öðlist betri þekkingu á stöðu sveitarfélaga gagnvart EES-samningnum og ESB-aðildarumsókninni,“ segir í kynningu. Brusseldeild Sambands íslenskra sveitarfélaga skipuleggur dagskrána. Heim-sækja á fjölmarga, meðal annars Evrópuþingjó, Íslandsdeild stækkunarstofnunar ESB, Evrópusamtök sveitarfélaga, EFTA og Bygðastofnun ESB.

-gar



ARNARNES Íbúi telur sig eiga land sem bærinn er að deiliskipuleggja.

Vill skýringar frá Garðabæ:

Telur sig eiga skipulagssvæði

SKIPULAGSMÁL Íbúi á Arnarnesi í Garðabæ hefur óskað eftir því að bæjaryfirvöld upplýsi hvaða hugmyndir felist í gerð nýs deiliskipulags á svæðinu. Segist íbúinn vera einn eigenda félagsins Sameign Arnarness sem samkvæmt gömlum uppdráttum eigi landið sem verið sé að skipuleggja. Bæjaryfirvöld segja það vera sitt sjónarmið að með samningi við sameigendur Arnarness frá 8. ágúst 1963 hafi landeigandi látið af hendi endurgjaldslaust til bæjarins landsvæði sem ætlað sé undir skóla, dagheimili, götur og opin svæði.

-gar

FRÉTTASKÝRING: Hvaða afleiðingar hefur nýtt frumvarp um stjórn fiskveiða?

Varasamar breytingar á kvótakerfi

Drög liggja fyrir að frumvarpi Jóns Bjarnasonar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, um breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu. Fréttablaðið bar hugmyndirnar í frumvarpinu undir hagfræðinga til að fá svar við því hverjar afleiðingar breytinganna eru líklegar til að verða.

Í greinargerð sem fylgir drögum að frumvarpi um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða segir að með gerð tímabundinna nýtingarsamninga sé rofið hið meinta eignarréttarlega samband veiðiheimilda. Það sé tvímælalaust mikilvægasta atriðið sem frumvarpið feli í sér. Í því er skýrt tekið fram að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu í þjóðareign og að sala á auðlindinni eða varanlegt framsal sé óheimilt. Með sérstökum samningi megi hins vegar veita einstaklingum eða lögaðilum tímabundinn rétt til afnota eða hagnýtingar á auðlindinni gegn gjaldi. Þá er kveðið á um að samningar um nýtingarleyfi á aflaheimildum myndi ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði yfir veiðiheimildum. Samningar um nýtingarleyfi verði í upphafi að jafnaði til fimmtán ára en leyfshafi eigi rétt á viðræðum um endurskoðun og hugsanlega framlengingu samningsins um átta ár.



ÞÓRÓLFUR MATTHÍASSON



BIRGIR ÞÓR RUNÓLFSSON

Í frumvarpinu er aflaheimildum skipt í tvo flokka. Annars vegar er um að ræða samningsbundin nýtingarleyfi á aflaheimildum og hins vegar afla sem er úthlutað án samninga úr fimm „pottum“. Þeir nefnast strandveiðipottur, byggðapottur, leigupottur, línuvildunarpottur og bótapottur. Áætlað er að allt að 15 prósent þorksígdila verði í lok 15 ára samningstímans í flokki 2. Þá gilda sérreglur um þorsk, ýsu, ufsa og steinbit. Til að mynda mun allt að helmingur aflaheimilda þorsks á hverju fiskveiðiári



KVÓTAKERFINU UMBYLT Með fyrirhuguðum breytingum er verið að gera umtalsverðar breytingar á fyrirkomulagi fiskveiða. Hagfræðingar óttast að breytingarnar dragi úr hagkvæmni í greininni.

NORDICPHOTOS/GETTY

umfram 160.000 tonn renna til hins opinbera og verður ráðstafað af ráðherra á hverju ári eftir pottakerfinu.

Meðal annarra breytinga í frumvarpinu má nefna að veiðigjald er tvöfaldað, úr 9,5 prósentum í 19 prósent af aflaverðmæti. Þá er gert ráð fyrir að tekjur af veiðigjaldi skiptist þannig að 50 prósent renni í ríkissjóð, 30 prósent til sjávarbyggða og 20 prósent til þróunar og markaðsmála í sjávarútvegi. Þá er veðsetning aflaheimilda bönnuð og framsal á þeim verulega takmarkað.

Unnið er að hagfræðilegri greiningu á áhrifum fyrirhugaðra breytinga á rekstrarskilyrði og starfsumhverfi sjávarútvegsins. Niðurstöður þeirrar yfirferðar eiga að liggja fyrir um næstu mánaðamót.

Hækkun á veiðigjaldi skynsamleg

Þórólfur Matthíasson, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands, segir þær hugmyndir sem virðast koma fram í frumvarpinu vera misskynsamlegar. Þannig muni takmarkanir á framsali aflaheimilda sennilega auka óhagkvæmni í greininni auk þess sem almennt séð sé ekki æskilegt að opna mikið fyrir geðþóttaákvörðanir eins og hér virðist gert með hinum svokölluðu pottum. Auk þess geti þeir valdið miklu ójafnvægi milli byggða eftir því hvort öflug útgerð er til staðar í bæ eða ekki. Hins vegar sé hækkun veiðigjaldsins skynsamleg.

„Rekstrarskilyrði sjávarútvegsins eru svo langt út úr korti samborið við aðrar atvinnugreinar að við gætum auðveldlega lent í þeim víxlverkunaráhrifum kaupgjalda og verðlags sem við sáum á hér í kringum 1980,“ segir Þórólfur og bætir við: „Aðrar atvinnu-

greinar geta ekki keppt við sjávarútveginn í launum á næstu misserum og því kann verðbólga að fara af stað þegar aðrar greinar velta kostnaði út í verðlagið. Við sáum þetta nú í sambandi við kjarasamningana þar sem menn höfðu litlar áhyggjur af greiðslugeta annarra atvinnugreina og keyrðu fram sín sérmál á kostnað annarra sem endaði í innihaldslitum kjarasamningum. Það þarf því virkilega að gera eitthvað með þetta ójafnvægi og aukin gjaldtaka af sjávarútveginum gæti þannig orðið liður í því að koma á sjálfbærara jafnvægi í hagkerfinu.“

Þórólfur óttast ekki að hækkun á veiðigjaldinu verði útgerðinni um megn. „Nei, þeir þola örugglega herra veiðigjald. Ég held að Norðmenn taki 70 prósent af umframhagnaði í olíunni þannig að háar prósentutölur geta vel gengið í þessum bransa og raunar sennilega mun hærri en menn eru að tala um hérna,“ segir Þórólfur. Þá segir hann yfirleitt nokkuð auðvelt að komast framhá ákvæðum um takmarkanir á veðsetningum. „Ég á eftir að sjá hvernig þetta verður útfært. Menn hafa verið með ákvæði í lánasamningum um að ekki megi flytja aflaheimildir af skipum nema eiganda veðsins sé tilkynnt um það. Í praxis þýðir það að þú ert að veðsetja aflaheimildina en þú kallar það veðsetningu á skipinu,“ segir Þórólfur að lokum.

Miðar allt að minni hagkvæmni

Birgi Þór Runólfssyni, dósent í hagfræði við Háskóla Íslands, list illa á þær breytingar sem boðaðar eru í frumvarpinu. Hann segir þær flestar stuðla að minni hagkvæmni í greininni og þess að samkeppnishæfni

íslensks sjávarútvegs verði verri. „Það sem er kannski stóra atriðið í þessu er að verið er að hverfa frá ótímabundnum réttindum yfir í tímabundin réttindi. Það mun leiða til meiri óvissu fyrir fyrirtækin og það mun hafa áhrif á fjárfestingar sem munu dragast saman. Það er ekki víst að þetta gerist strax en eftir því sem við förum lengra inn í kerfið því meiri yrði óvissan og því meiri yrðu áhrifin á fjárfestingu. Þetta mun veikja einstök fyrirtæki og þetta mun veikja greinina í heild sinni. Hvatinn til að fara vel með auðlindina mun minnka og allt að því hverfa undir lok þessa tímabils. Þetta er því ansi neikvætt,“ segir Birgir Þór og bætir við: „Svo er þarna skattahækkun en skatturinn er reiknaður út frá afkomu greinarinnar og kann því að hitta fyrirtæki ansi misjafnlega fyrir.“

Birgir segir breytingarnar ekki eingöngu hafa áhrif á sjávarútvegsfyrirtækin heldur á afkomu allrar þjóðarinnar. Þetta geti til að mynda valdið lægra gengi krónunnar. „Það er í raun verið að hverfa frá því að vera með markaðsskipulag í sjávarútveginum í að þetta sé meira tilskipanaskipulag. Það verður meira af pólitískum afskiptum með þessu sem er ansi skaðlegt,“ segir Birgir. Þá geri hann við veðsetningu aflaheimilda það að verkum að erfiðara verði fyrir nýliða að koma inn í greinina en ella. Hann óttast því að fátt jákvætt fylgi fyrirhuguðum breytingum.

Magnús Þorlákur Lúðvíksson
magnusl@frettabladid.is



Sparaðu með Miele

25% AFSLÁTTUR

Miele

með Miele

Tango Plus er vinsælasta ryksugan frá Miele

Miele ryksugurnar eru traustar og kraftmiklar, með stillanlegu röri og úrvali fylgihluta. Þær hafa hlotið hæstu einkunn hjá neytendasamtökum í Þýskalandi.



kr.: 24.900
Verðlistaverð kr.: 33.200

Care Collection ryksugupokar og ofnæmissur eru sérstaklega framleidd fyrir Miele ryksugur

Farðu alla leið með Miele

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

HotYoga.is

Sumarnámskeið í Sporthúsinu

Skráning og fyrirspurnir í
s: 564-4050
eða gunnhildur@sporthusid.is

Aðalumsjón : Jóhanna Karlsdóttir

Jóhanna með alþjóðleg kennararéttindi í Hot Yoga og hefur lokið frekari menntun með upphafsmanni Hot Yoga, Bikram Coudhury. Einnig lauk hún 500 tíma framhaldsmenntun árið 2010.
Aðrir kennarar: Gyða Pétursdóttir og Þórunn Unnarsdóttir.

4 vikna sumarnámskeið hefjast 23. & 24. maí

- | | |
|--|--|
| 1. Hot Yoga morgnar (60 mín)
mán + mið + fös kl: 6.15
verð: 9.900 kr. | 4. Hot Yoga kvöld I (90 mín)
mán + mið kl: 19.00
verð: 9.900 kr. |
| 2. Hot Yoga dagur (60 & 90 mín) – NÝTT
mán + mið kl: 9.00 (60 mín)
& fös kl: 9.00 (90 mín)
verð: 10.900 kr. | 5. Hot Yoga kvöld II (60 mín)
þri + fim kl: 18.00
verð: 9.500 kr. |
| 3. Hot Yoga síðdegi (75 mín) – NÝTT
mán + mið + fös kl: 17.30
verð: 11.900 kr. | 6. Hot Yoga kvöld III (60 mín)
þri + fim kl: 21.00
verð: 9.500 kr. |

ATH! Ótakmarkaður aðgangur að allri aðstöðu sem og öllum opnum hóptímum fylgir námskeiðagjaldi

SPORTHÚSIÐ

heilsurækt fyrir alla

DALSMÁRA 9 - 11 • 201 KÓPAVOGI • S. 564 4050

Lagasetningin um hlutfall kynja í stjórnnum dugir væntanlega til að ýta við viðskiptalífina.

Tími breytinga

Tölur, sem voru kynntar á ráðstefnu Félags kvenna í atvinnurekstri, Samtaka atvinnulífsins og Viðskiptaráðs á föstudag, sýna að þrátt fyrir að sett hafi verið lög um jafnari hlutföll kynjanna í stjórnnum fyrirtækja fjölger konum í stjórnnum mjög hægt. Hlutfall kvenna meðal stjórnarmanna í 300 stærstu fyrirtækjum landsins er um 19 prósent, en hlutur annars kynsins má ekki vera lakari en 40% samkvæmt löggjöfni.

Kannski er þetta vegna þess að gagnvart einkafyrirtækjum hafa ákvæði laganna enn ekki tekið gildi; gefinn er aðlögunartími fram til 1. september 2013 og eins og við vitum vilja Íslendingar gjarnan gera hlutina á síðustu stundu.



SKOÐUN
Ólafur P. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Það er líka til í dæminu að eigendur og stjórnendur fyrirtækja séu bara enn ekki sannfærðir um ágæti þess að sjónarmið beggja kynja komi við sögu í stjórnnum fyrirtækja. Könnun Capacent á

viðhorfum stjórnenda rúmlega þúsund fyrirtækja, sem einnig var kynnt á ráðstefnunni, leiðir í ljós að 47 prósent þeirra eru andvíg lögnum um kynjakvótann. Það á við 54 prósent karla í stjórnunarstöðum, en aðeins 28 prósent kvenna.

Hluti af þessu fólki getur svo út af fyrir sig verið sannfærður um að það sé æskilegt að stjórnir fyrirtækja leiði saman sjónarmið beggja kynja, en verið fyrst og fremst á móti því að Alþingi skipi því fyrir verkum með þessum hætti.

Flestar rannsóknir, sem gerðar hafa verið á sambandi milli fjölbreytni í stjórn og rekstrarrangurs fyrirtækja sýna að fyrirtæki þar sem bæði kyn eru við stjórnvölinn skila betri arðsemi og eru ólíklegri til að lenda í vanskilum en þau sem hafa einsleitan hóp við stjórn. Undanfarna áratugi hafa kynjahlutföllin í háskólum breytt þannig að það er orðið jafnmikið framboð af vel menntuðum konum, sem geta tekið að sér stjórnunarstörf í fyrirtækjum og af körlum. Það er í raun ótrúleg vunnýting á þeim mannauði að sækjast ekki eftir starfskröftum kvenna í sama mæli og karla þegar kemur að því að velja fólk í stjórnir fyrirtækja eða í stjórnunarstöðum.

Umræðan um þessi mál hefur eflzt undanfarinn áratug. Margir höfðu trú á því að kynjahlutföll í stjórnnum fyrirtækja myndu jafnast sjálfkrafa, án inngrípa ríkisvaldsins. Það gerðist ekki. Jafnvel eftir að stjórnmalámennt voru farnir að tala um að eina leiðin til að koma fram breytingum væri lagasetning dugði sú hótun ekki til að ýta við viðskiptalífina. Jafnvel þegar sýnt var fram á sannfærandi tengsl einsleits stjórnendahóps áhættusækinna, ungra karla og þess hruns sem varð í fjármálalífina dugði það ekki til að fleiri konur, sem standa fyrir önnur og oft varfærnari sjónarmið, yrðu kosnar í stjórn á aðalfundum fyrirtækja.

Þannig að þetta fór eins og eftir að margir höfðu trú á að skynsemin segði mönnum að hafa brunavarnir í fyrirtækjum í lagi, en raunin reyndist allt önnur. Þá voru sett lög sem skikka menn til að hafa hlutina í lagi.

Vonandi verða næstu tvö ár tími mikillar og tímabærrar breytingar á kynjahlutföllum í stjórnnum fyrirtækja. Talið um að framþæringar konur séu ekki til, er fyrirsláttur. Það þurfti ekki annað en að horfa yfir salinn á ráðstefnu FKA til að fá staðfestingu á því.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Ásælni í auðlindir

Andstæðingum aðildar Íslands að ESB er tíðrætt um það að stórveldið ESB ásælist auðlindir okkar Íslendinga. Reyndar er ekki sameiginleg auðlindastefna innan sambandsins en því er yfirleitt svarað með því að ESB stefni hraðbyri í átt að því að verða sambandsríki þótt akkúrat ekkert bendi til þess að það sé mikill vilji fyrir því í Evrópu. Yfirleitt eru það fiskistofnarnir eða orkan sem vísað er til en nýverið hefur aðgangi að norðurslóðum oft verið bætt í hópinn.



Aðgangur að norðurslóðum

Þannig ritar Erna Bjarnadóttir, hagfræðingur hjá Bændasamtökunum, grein um norðurslóðir í Morgunblaðið á laugardag. Hún segir ESB aðeins vanta eitt til að verða alvöru stórveldi, aðgang og áhrif á norðurslóðum og siglingaleiðinni sem opnast þar á næstu árum til Asíu. ESB muni því taka upp tékkheftið og kaupa þennan aðgang nokkru verði.




Ísland eina vonin

Vigdís Hauksdóttir þingmaður gekk skrefinu lengra í grein í sama blaði 16. apríl síðastliðinn. Hún sagði ríki ESB vera auðlindasnaud og því sækja fast að útvíkka sig til norðurs. Í greininni sagði svo í kjölfarið: „Ísland er í raun eina tækifæri sambandsins til að lifa af.“ Það er ekkert annað, sjálf tilvera ESB er undir siglingaleið sem kann að opnast um nokkurra mánaða skeið á ári eftir nokkra áratugi. Það hljómar ekki sérstaklega sennilega, er það?

magnus@frettabladid.is

HALLDÓR



Borgin hefur ráðin í hendi sér

Skipulagsmál



Snorri F. Hilmarsson
formaður
Torfusamtakanna

Fréttablaðið hefur af gefnu tilefni fjallað um auð og eyðilögð hús í miðborginni að undanförunu.

Eins og Hjálmar Sveinsson bendir réttilega á í blaðinu fyrir helgi var sameining lóða hluti af átaki sveitarstjórnarmanna í Reykjavík til að laða fjárfestingu að miðborginni, losa um hömlur í skipulagi og auka byggingarmagn, oft með óraunhæfum hætti. Árangur þessrar stefnu birtist í þessum niðurlægðu húsum og er sýnilega á kostnað miðborgarinnar og þess sögulega umhverfis sem hún þrífst á.

Flest eiga umrædd hús það sammerkt að vera hluti af slíkum spákaupum með mögulegar risalóðir.

Sameining lóða hefur haft ýmsar neikvæðar afleiðingar fyrir miðborgina. Hún vinnur gegn þeim fjölbreytileika og smáa kvarða sem er styrkur byggðarinnar og tryggir henni líf og endurnýjun.

Svona þarf þetta ekki að vera. Um það bera svo mörg ágæt dæmi úr miðborginni skýrt vitni. Laugavegur 46 gengur nú í endurnýjun lífdaga. Sama hefur Þingholtsstræti 2 á horni Bankastrætis gert en einnig Laugavegur 2, 11, 21 og 56, á Bergstaðastræti, Klapparstíg, Lindar-

götu, Þingholtsstræti og listinn er lengri. Þetta er allt óeigingjart og rausnarlegt framlag einstaklinga, fjölskyldna og fyrirtækja til borgarinnar og allra sem hana byggja. Þar sem ekki er leyfð óheft beit sprettur blómgróður.

Það er því eðlilegt að borgaryfirvöld sjálf leggi gott til eins og gert hefur verið með svo miklum ágætum með uppbyggingunni í Aðalstræti, við Laugaveg og endurreisn húsanna við Lækjartorg. Hins vegar á ekki að þurfa bruna til að gera góða hluti í gamla bænum, það má líka taka til þar sem skipulagið hefur lent í blindgötu. Flest þessara húsa sem nú stinga í augu í niðurlægingu sinni gætu sem hægst orðið hin mesta staðarþróði fengju þau tækifæri til þess.

Borgarstjórn hefur undir höndum öll þau verkfæri sem þarf til að snúa taflinu við.

Verndun er því aðeins annað form uppbyggingar eins og dæmin sanna og er ekki til annars fallin en að auka gæði byggðarinnar. Verndun er líklegri til að koma betra jafnvægi á byggðina og gera hana að vettvangi betra mannlífs en stefnan um sameiningu lóða hefur hingað til leitt af sér.

BioVinci D-vítamín

Vítamínið sem allir eru að tala um

Fæst í apótekum

Hætta að karpa...

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
ríthöfundur



Ég fór að skoða Hörpu. Falleg er hún að utan og glerhjúpurinn á eftir að verða ævintýralegur í síkvikri reykvískri birtunni. Við erum núna fullvissuð um að stuðlabergsformin fyrir utan séu alls alls ekki stuðlaberg heldur bara stærðfræði – gullinsniðs-stúdía – bara tölur, ekkert annað – og þar að auki sé stuðlabergið ekkert séríslenskt og auk þess ekkert sérstakt...

Sjálfur er ég fallisti í reikningi og ég sá nú ekki betur en að þetta væri eins og stuðlaberg. Ég sá ekki betur en að Harpa sé eins og gamli draumurinn um álfaborgina sem við sjáum líka í Þjóðleikhúsinu og kannski öllum íslenskum viðhafnarbyggingum sem reyna á endurskapa klettinn úr þjóðsögunum sem saklausir smalar voru seiddir inn í af álfasöng. Í íslenskum þjóðsögum er sönglistin alltaf hættuleg og forboðin.

En mér fannst þetta flott. Og mér sýndist að þarna geti átt eftir að koma skemmtilegt torg fyrir framan þar sem trúðar og leikarar fremja sín skrípalæti og spila á hljóðfæri eins og fyrir framan Pompidou-safnið í París. Þetta á eflaust eftir að verða frábært svæði í borginni okkar ef ekki verða reist í kring einhver leiðinda háhýsi með tilheyrandi sviptivindum þarna í kring í stíl við steinarsbragalega martröðina í Skuggahverfinu. Auðvitað átti tónlistarhúsið einmitt að vera þarna. Allt í einu er komin ný vídd í miðbæinn.

Manni leið svolítið eins og í ævintýri frammi fyrir þessu stóra húsi og áður en ég vissi var ég farinn að muldra með sjálfum mér tilbrigði við inngangspuluna úr ævintýrinu góða um Skilaboðaskjóðuna: Hætta að karpa, inn skal Harpa.

Í röðinni

Svo gengum við inn í klettinn, fórum inn og horfðum opinmynt og eins og fátæk börn á Reykjavík og höfnina gegnum glerið. Allt leit einhvern veginn öðruvísi út en áður. Reykjavík var dálítið falleg út um þessa glugga.

Þarna var venjulega fólkið – þjóðin. Það stóð þarna í löngum röðum fólkið og beið þess að komast inn á kammertónleika og svo var önnur röð enn lengri þar sem fólk beið þess að fá að sjá Eldborg. Þar inni var reyndar ekkert að gerast en fólkinu gafst kostur á að ganga þarna í gegn og skoða.

Allir töluðu í lágum hljóðum eins og í dómkirkju í útlöndum; við vorum í senn hátíðleg og alvarleg í bragði – svolítið eins og prúð börn, sem Íslendingar eru nú ekki oft. Fólk benti og horfði, sum settust og horfðu hægt í kringum sig eins og þau vildu treina sér sem lengst upplifunina; flest voru þau með sama svipinn á andlitinu. Það var upphafinn svipur en blandinn alls kyns andstæðum kenndum: feginleika yfir því að salurinn skyldi þrátt fyrir allt vera svo tilkomumikill og fagur – sorg yfir því hversu afkáralega sjálfsmýnd allt þetta dæmi vitnaði um á tímabili, andstyggð, efi: hvers konar fólk erum við og hvers konar fólk viljum við vera – hvers konar fólk erum við búin að vera...

Og svo framvegis. Harpa er tákni um svo margt. Það vantaði bara gott tónlistarhús í Reykjavík og allt í einu var búið að stela þeim fallega draumi og húsið orðið hluti af einhverri heimsyfirráðastefnu þáverandi eigenda Landsbankans. Það er auðvelt að sjá Hörpu sem minnisvarða um oflæti og heimskupör ærðrar þjóðar sem bjó ekki við lýðræði og hvað þá þingræði og varla forsetaræði heldur fyrst og fremst verktakaræði – og æði; þar sem allar ákvarðanir fulltrúa heildarinnar snerust um að þjóna hagsmunum verktaka í stóru og smáu, í nafni barna, sjúklinga, neytenda, ungs fólks – og tónlistarmanna.

Með samtaki

Hitt er líka hægt: að sjá Hörpu sem tákni um það að hægt sé að ljúka verki með samtaki. Í stað þess að láta þessa hrúgu standa eins og voldugan minnisvarða um eigin misheppnun þá er nú risið hús sem augljóslega hefur heppnast. Og er þar með tákni um að eitthvað hafi tekist – að við getum gert eitthvað vel.

Hún er þarna, Harpa og hún á eftir að öðlast sinn sess í þjóðlífinu. Hún á eftir að fá sína áru. Við skulum alltaf muna þá sóun sem húsinu tengist, þá glópsku sem þar stóð til að innleiða, en við getum ekki látið húsið snúast um það, nema þá að við séum mjög þurfi fyrir vort daglega fúss.

Við skulum ekki ímynda okkur að þetta hús eigi eftir að verða gróðafyrirtæki eða standa undir sér. Það er að minnsta kosti ekki málið: Harpa er ekki fyrir verktakana og aurasálirnar, embættismennina eða túristana, heldur fyrir fólkið sem stóð þarna í röðinni til að ganga inn í þennan rauða sal; hún er fyrir tónlistina sem hefur gildi í sjálfri sér og er verðmætari en nokkrir peningar geta nokkru sinni mælt; hún er hér til að næra sálirnar, auðga andann, lyfta geðinu: hætta að karpa – áfram Harpa!

AF NETINU

Útrás og bankahrun

Fyrir hrun bankanna nægði að menn segðu orðið „útrás“ til að þagga niður í þeim sem töldust ekki haga sér innan ramma hins pólitíska rétttrúnaðar. Nú hrópa menn „bankahrun“ til að hræða sjálfstæðismenn frá því að gagnrýna hina ótrúlega skemmandi stjórnarhætti sem einkenna ríkisstjórn Jóhönnu og Steingríms J. Hið einkennilega er að þetta sýnist duga til að halda aftur af forystusveit sjálfstæðismanna. Hún nær ekki vopnum sínum gagnvart þessari skaðvænlegu ríkisstjórn.

bjorn.is

Björn Bjarnason

Samkennd í Hörpu

Við áttum það sameiginlegt við Grímur Thomsen að finnast óþægilegt að stíga inn í Roskilde kirkju – dómkirkjuna dönsku suður af Kaupmannahöfn. Kannski voru það allir kóngarnir í kistum sínum sem mögnuðu upp einhvern óhugnað af minningu liðinna valdstjórnaralda eða í mínu tilviki sú tilfinning að íburðurinn hafi orðið til vegna þrælavinnu. Þessa tilfinningu hef ég oft fengið þegar ég hef heimsótt kastala og hallir í Evrópu. Aldrei hef ég getað notið handverksins og fegurðarinnar til fulls. Alltaf þessi tilfinning um misnotkun, valdníðslu og yfirgang.

Sama kom upp í hugann þegar ég kom í Hörpuna í kvöld á opunarhátíð. Við – ríkisstjórnin; við sem búum við efnalegt öryggi í þjóðfélaginu tókum ákvörðun um að ljúka verkinu – engin fórn – á sama tíma og við skárum niður við öryrkja. Slæm tilfinning sem við vorum minnt á með trumbuslætti mótmælenda þegar við komum til opunarhátíðarinnar í kvöld. Allt orkar þetta vissulega tvímælis. Hinu vil ég ekki leyna að ég hreifst af Hörpu og því sem þar fór fram innandyrna [...]

ogmundur.is

Ögmundur Jónasson

Dagurinn er bara allt annar

Ota haframjölíð er framleitt úr 100% sérvöldum höfrum sem eru flokkaðir, valsaðir og síðan ristaðir til að auka enn á bragðgæðin.


Hafragrautur úr Ota Solgryn er einfaldur og hollur morgunverður með háu hlutfalli af fjölsykrum, trefjaríkur og mettandi og dugar þér langt inn í daginn.

SOLGRYN

24. maí er síðasti dagurinn sem þú hefur til að hafa áhrif á niðurstöður í atkvæðagreiðslunni um kjarasamningana

Sýnum ábyrga afstöðu

Greiðum atkvæði um kjarasamningana



FLÓABANDALAGIÐ



ATH! Atkvæði í pósti skilist í síðasta lagi 20. maí



34

EMILIANA TORRINI söngkona er 34 ára

„Ég vildi ekki vera á sveitaballamarkaðnum. Mig langar meira til að vera í stúdíóhljómsveit en það er varla hægt hér.“

Merkisatburðir

- 1457** Björn ríki Þorleifsson á Skarði á Skarðsströnd er aðlaður og gerður að hirðstjóra.
- 1901** Skip á leið undan Eyjafjöllum til Vestmannaeyja sekkur austur af eyjunum og farast 27 manns, en einum er bjargað.
- 1942** Fyrsta ríkisstjórn undir forsæti Ólafs Thors tekur við völdum og situr í sjö mánuði.
- 1952** Fimm manns farast með bandarískri flugvél í norðanverðum Eyjafjallajökli. Aðeins eitt lík finnst strax, en hin ekki fyrr en á árunum 1964 og 1966.
- 1959** Fyrsti landsleikur Íslands í körfuknattleik. Leikurinn er gegn Dönum og fer fram í Kaupmannahöfn.
- 1966** Verslunin Karnabær er opnuð í Reykjavík og hefur mikil áhrif á tisku og klæðaburð ungs fólks á Íslandi.
- 1983** Vikublaðið Andrés önd kemur út á íslensku í fyrsta sinn. Fram að því höfðu Íslendingar lesið það á dönsku.
- 2003** Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands kvænist Dorrit Moussaieff.
- 2007** Nicolas Sarkozy tekur við embætti forseta Frakklands.
- 2009** Jóhanna Guðrún nær öðru sæti í Eurovision með laginu It True.

ÞETTA GERÐIST: 16. MAÍ 1929

Fyrstu Óskarsverðlaunin veitt

Fyrstu Óskarsverðlaunin voru veitt 16. maí 1929 á Hótel Roosevelt í Hollywood. Þótt verðlaunin séu vinsæll sjónvarpsviðburður í dag, var fyrsta afhending lokaður viðburður. Áhorfendur voru 270, miðinn kostaði fimm dollara og fimmtán verðlaunastyttur voru afhentar. Þetta var langur viðburður með mörgum ræðum, en sjálf afhending verðlaunastyttanna tók tiltölulega stuttan tíma.

Lítið kom á óvart í afhendingu verðlaunanna, sigurvegarar höfðu verið tilkynntir þremur mánuðum áður. Það breyttist þó ári seinna þegar ákveðið var að halda niðurstöðum leyndum þar til afhending fór fram.

Fyrstu Óskarsverðlaunin voru þau einu sem komust hjá mikilli fjölmiðlaumfjöllun. Strax ári seinna hafði áhuginn aukist gífurlega og útvarpsstöð í Los Angeles sendi beint út frá afhendingunni í klukkutíma. Síðan þá hefur verið sent út frá afhendingunni og árið 1953 var sjónvarpað frá henni í fyrsta sinn.

Íslenskar kvikmyndir hafa verið tilnefndar tvisvar sinnum sem besta mynd, Börn náttúrunnar og stuttmyndin Síðasti bærinn í dalnum. Björk Guðmundsdóttir hlaut tilnefningu í flokknum besta lagið í myndinni Myrkradansarinn árið 2000.



Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og bróðir

Jón Árne Einarsson

Moldi

Teigaseli 11, 109 Reykjavík,

sem lést á lungnadeild Landspítalans 5. maí sl., verður jarðsönginn frá kirkju Óháða safnaðarins í Reykjavík þriðjudaginn 17. maí kl. 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hans er bent á Samtök lungnasjúklinga.

Auður Friðriksdóttir
María Ósk Jónsdóttir
Daníel Þór
Auður Jóna
og systkini

Stefán Haukur Kjartansson



Minn hjartkæri eiginmaður, faðir, sonur, bróðir, tengdasonur og mágur,

Páll Valdimar Kolka

lést sunnudaginn 8. maí á deild 11G á Landspítalanum. Jarðarförin fer fram í Hallgrímskirkju þriðjudaginn 17. maí kl. 13. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir. Þeim sem vilja minnst hans er bent á reikning til styrktar börnum hans, 515-4-253281, kt. 111265-5859.

Heiður Óttarsdóttir
Perla Kolka Pálsdóttir
Þórunn María Kolka Pálsdóttir
Óttar Páll Kolka Pálsson
Perla Kolka

Hrónn Hákonardóttir

Óttar S. Einarsson
Elín Perla Kolka
Ása Kolka Haraldsdóttir
Margrét Kolka Haraldsdóttir
Björg Kolka Haraldsdóttir
og aðrir aðstandendur



Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAÍK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.



FLUTT INN Guðrún Pálsdóttir bókasafnsfræðingur heldur á nokkrum bókum í kassa inn í sprengjuhelda hvelfingu við Bústaðaveg 7. Þar verður bókasafn Veðurstofunnar til húsa.

VEÐURSTOFA ÍSLANDS: FLYTUR Í HÚSNÆÐI LANDSNETS VIÐ BÚSTAÐAVEG

Öruggasta bókasafn landsins

„Ég var svo heppinn fyrir nokkrum árum að fá að skoða stjórnstöð Landsnets við Bústaðaveg 7. Manni leið þá eins og maður væri kominn inn á gafli hjá NASA eða inn í geimstöð. Þetta var risastór hvelfing með risaskjá sem náði yfir marga fermetra,“ segir Borgar Ævar Axelsson mannaútsstjóri Veðurstofu Íslands. Hann hefði líklega ekki getað ímyndað sér þá að þessi yfirþyrmandi hvelfing yrði framtíðarhúsnæði bókasafns Veðurstofunnar, en sú er raunin í dag. „Við erum að flytja þangað bókasafnið okkar auk þess sem þarna verður aðstaða fyrir nemendur og aðra fræðimenn,“ segir Borgar. Bókasafnið verður líklega eitt það best varða á landinu þar sem margir metrar af steypu umlykja það. „Það mun lifa

af sprengingar og jarðskjálfta auk þess sem þeir sem þar vinna munu ekki verða fyrir miklum truflunum því það er sérlega vel einangrað,“ segir Borgar glaðlega.

Eftir að Vatnamælingar Orkustofnunar sameinuðust Veðurstofu Íslands árið 2008 hefur stofnunin verið á tveimur stöðum í borginni. Annars vegar á Grensásvegi og hins vegar við Bústaðaveg 9, í hinu eiginlega Veðurstofuhúsi. Þetta hefur valdið miklu óhagræði að sögn Borgars. Frá árinu 2008 hefur verið leitað leiða til að koma starfseminni á einn stað. Lausnin fannst nú um áramótin þegar ríkið festi kaup á húsinu við Bústaðaveg 7 en þar var Landsnet eitt sinn til húsa. „Við höfum verið að skipuleggja

flutningana síðan í janúar og erum nú að flytja öll fagsviðin í gömlu Veðurstofubýgginguna en í síðustu viku vorum við að flytja allt stöðsviðið, skrifstofu forstjóra og bókasafnið yfir í gamla Landsnetshúsið,“ upplýsir Borgar en mótuneytið mun einnig vera í hinu nýja húsnæði.

Hann segir almenna ánægju með þetta fyrirkomulag. „Nú er öll starfsemi Veðurstofu Íslands komin á einn hól fyrir utan bílaflokkann okkar sem verður enn um sinn á Grensásvegi. Uppi eru hugmyndir um að byggja við Landsnetshúsið til að koma honum fyrir síðar en á þessum hól hér á Bústaðavegi er okkar framtíðarheimili,“ segir Borgar ánægður.

solveig@frettabladid.is



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og blýbug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu

Línu Porkelsdóttur

áður til heimilis í Einilundi 2, Akureyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólks í Einihlíð fyrir hlýja og góða umönnun.

Þorkell Ingi Rögnvaldsson
Una Sigurlína Rögnvaldsdóttir
Heiðar Rögnvaldsson
Heimir Rögnvaldsson
Óskar Smári Haraldsson
Guðrún Björg Steinþórsdóttir

ömmu- og langömmubörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Erling Edwald

lyfjafraeðingur,

lést að morgni föstudagsins 13. maí. Útförin fer fram frá Langholtskirkju föstudaginn 20. maí kl. 13.00.

Jóhanna Edwald
Tryggvi Edwald
Sigrún Edwald
Ari Edwald
Þórdís Edwald
og barnabörn

Erla Erlingsdóttir
Sigurður Guttormsson
Þórunn Pálsdóttir
Ármann Þorvaldsson



Silkislæður eru sniðugar í staðinn fyrir innpökkunarappír, enda getur eigandinn nýtt þær eins og innihald pakkans. Umhverfisvæn og falleg lausn. Sjá nánar á inhabitat.com

ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúi: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473

MABEF Ný sending af trönnum - mikið úrval.

M13 M09 M24 M14

LISTALAGERINN
JARN&GLER

Járn & Gler hf. - Skútuvogur 1h.
Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík
S: 58 58 900. www.jarngler.is

Inga Dóra Jóhannsdóttir vöruhönnuður fær innblástur frá fjölskyldusilfrinu.


Fægðir silfrið sem barn

Silfurborðbúnaðurinn hefur fylgt fjölskyldunni í gegnum árin en amma og afi fengu fyrstu munina í brúðkaupsgjöf,“ segir Inga Dóra Jóhannsdóttir, nýútskrifaður vöruhönnuður frá LHÍ. „Borðbúnaðurinn er alltaf tekinn fram í kringum hátíðar og ég á margar góðar minningar tengdar þeim. Við frændsystkinin fengum til dæmis það hlutverk að fægja silfurmunina fyrir jólin.“ Aðspurð segir Inga Dóra ekki ólíklegt að silfurborðbúnaður ömmu hennar og afa hafi haft áhrif á hana sem hönnuð en lokaverkefnið hennar er matarstell með silfri á snertiflötum. „Silfur hefur þann eiginleika að eyða bakteríum, sem mér finnst mjög áhugavert. Áður hafði ég hannað mjólkurkönnu með silfurstút og er með nokkrar hugmyndir að vörum þar sem ég nota þennan eiginleika silfursins,“ segir Inga Dóra og ætlar að nota sumarið til að þróa hugmyndir sínar áfram. Hún hefur komið sér upp heimasíðunni spoi.is þar sem meðal annars er hægt að skoða útskriftarverkefnið hennar.

heida@frettabladid.is

TECE

ideal
STANDARD



Upphengt salerni með innbyggðum kassa



Tilboð
45.000

IOI
ÍSLEIFUR
JÓNSSON

Dragháls 14 - 16
110 Reykjavík

Sími 4 12 12 00
Fax 4 12 12 01

www.isleifur.is

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Gerir gæða- og verðsamanburð



IQ-CARE

HEILSUDÝNUR OG HEILSUKODDAR
Ein besta heilsudýna í heimi



PROFLEX

Úrval af stillanlegum heilsurúma

12 mánaða
vaxtalaugar
greiðslur

Sjá nánar verð og
ný tilboð á www.svefn.is

Svefn & heilsa



Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 - Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 - laugardaga 12.00 - 16.00



Dúnsægur þarf að hreinsa að minnsta kosti á þriggja ára fresti en þannig getur endingartími þeirra lengst um mörg ár. Meginmarkmiðið er að ná öllum svita og utanaðkomandi raka úr dúninum. Hann lyftist upp inni í sænginni og hún verður sem ný.

HOLLUR BITAFISKUR

+80% prótín

Fiskneysla er góð fyrir heilabúið



Mjúkur ævintýraheimur

Stórir ruggusvanir, klæddir mjúkri gæru og þrjóni, með goggum úr roði eru hluti af nýrri vörlínu Bryndísar Bolladóttur textilhönnuðar sem kallast Lokkandi. Línan er sérstaklega ætluð börnum.

Lokkandi er heiti nýrrar vörlínu sem textilhönnuðurinn Bryndís Bolladóttir hefur hannað fyrir börn, sem unnin er úr íslensku hráefni. Línunni tilheyrir meðal annars stór ruggusvanur sem vakið hefur mikla athygli en svanurinn er gerður úr svampi og er klæddur gæru og roði eða þrjóni og roði.

„Ég vann svaninn upphaflega fyrir sýningu á síðasta Hönnunarmars en markmiðið var að hanna eitthvað úr íslensku hráefni fyrir börn. Ég ákvað fljótlega að nota roð og skinn og valdi klippta gæru utan um hvíta svaninn, hún er mjúk og hreinlegri finnst mér en löngu lokkarnir,“ segir Bryndís.

Svanurinn er stór í sniðum, 90 x 90 sentimetrar, sem gerir það að verkum að hann stendur vel en undirlagið ruggar. Hamur svarta svansins er úr þrjónuðu efni, nema vængirnir sem



Bryndís Bolladóttir Hönnuður

eru úr gæru. Goggarnir á þeim báðum eru úr roði. „Börn hafa hrifist mjög af svaninum og mýkt hans en ég hef orðið vör við að allflestir tengja svaninn við ævintýraheim enda kemur hann við sögu í þeim nokkrum. Hann er léttur þannig að það má leika sér með hann – henda honum upp í loft og slíkt – og það skemmtilega við svampinn er að hann dúar svo fallega, eins og í svanahálsinum sem börnin halda utan um.“

Svanurinn fæst í Aurum sem og herðatré sem Bryndís hannaði í sömu línu. „Herðatrén eru klædd gæru og koma í barna- og fullorðinsstærðum. „Herðatrén eru þá eins og fuglarnir í loftinu sem svífa,“ segir Bryndís. „Ég vildi ná þessari mýkt sem einkennir bólstruð herðatré. Ég á sjálf tvær stelpur og veit hversu gaman það er að geta hengt á vegg falleg herðatré.“

juliam@frettabladid.is



Ruggusvanurinn er sérstaklega hrifandi, stór og mjúkur.



Herðatrén er hægt að fá í nokkrum litum en þau eru klædd gæru og koma í barna- og fullorðinsstærðum.



Stelpur Konur
Staðurinn - Ræktin

4x4 Súperfitness Sumarsmellurinn í ár!

Öll námskeið 4 sinnum í viku í 4 vikur
Sumarkort innifalið!



60 PLÚS



STOTT PILATES

mótun

Nýtt námskeið!

4x4 Fitness

70 mínútur - Sumarkort innifalið

Kraftmikið námskeið fyrir konur sem vilja koma sér í sumargírinn!

Innritun í síma 581 3730

Sjá nánar á www.jsb.is - Velkomin í okkar hóp!

DANSRÆKT

JSB

leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is

Lýðræðislegt taflborð

SVISSNESKI HÖNNUÐURINN FLORIAN HAUSWIRTH HEFUR HANNAÐ SKEMMTILEGA ÚTGÁFU AFTAFLBORÐI.

Taflborðið kallar Hauswirth „Democratic chess“ eða lýðræðislega skák. Skákborðið kynnti hönnuðurinn á hönnunarsýningunni í Milanó í síðasta mánuði.

Á skákborðinu má tefla bæði á hefðbundinn hátt eða eftir reglum hönnuðarins. Hauswirth hannaði taflmennina þannig að þeim væri hægt að raða hverjum ofan á annan. Þannig er hægt að búa til einn taflmann úr mörgum, því taflmenn eru ekki teknir af borðinu heldur raðað ofan á þann sem „drap“ þá. Þannig fær sá taflmaður einnig hæfileika þess sem raðað er ofan á hann. Með þessu verður leikurinn ófyrirsjáanlegri að sögn hönnuðarins.



Auðvelt er að búa til traustan handklæðahanka. Best er að sauma hnappagat um það bil fimmtán millimetra frá öðrum enda handklæðisins. Hnappagatið mun endast jafn lengi og handklæðið sjálft. Hægt er að gera það sama við uppþvottastykki, pottaleppa og fleira.



HITAKUTAR

Amerísk gæða framleiðsla

30-450 lítrar



Umboðsmenn um land allt

RAFVÖRUR

DALVEGI 16c • 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 • RAFVORUR@RAFVORUR.IS



Heimild: 500 hollráð. Handbók heimilisins



Vantar fasteignir á söluskrá!
Metnaðarfullt, duglegt starfsfólk þekkt fyrri góða þjónustu og mikinn árangur. Nánari upplýsingar á skrifstofu.

Bogi Pétursson lögg. fasteignasali
Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali
Andri Sigurðsson lögg. leigumiðlari

Sími 530 6500

heimili@heimili.is

Á Heimili fasteignasölu starfa öflugir fasteignasalar með áratuga reynslu í faginu sem eru tilbúinir að vinna fyrir þig með vönduð vinnubrögð að leiðarljósi.

Okkar verkefni eru:

- Sala og kaup íbúðarhúsnæðis
- Sala og kaup atvinnuhúsnæðis
- Sala og kaup sumarhúsa
- Leigusamningsgerð
- Verðmöt
- Raðgjöf á fasteignamarkaði



heimili
FASTEIGNASALA

RE/MAX
Senter

Vantar þig reyndan sölumann sem setur kraft í söluna?

Hafðu samband við verðlaunaðan sölumann og fáðu að vita hvað hægt er að gera, það kostar ekki krónu.

Vernharð Þorleifsson

Sími: 699 7372

venni@remax.is



Barðastaðir 87 eru á einni hæð ásamt viðbættari garðstofu og bílskúr.

Einbýli á góðum stað

Heimili fasteignasala hefur til sölu fullbúið vandað einbýli á einstökum stað við Barðastaði 87 í Reykjavík.

heil rauðeik og náttúrusteinn. Vönduð tæki eru í innréttingunum og lýsing er innbyggð að innan sem og að utan. Vatns- og frárennslislagirnir eru upphaflegar ásamt raflögnum.

Húsið var byggt árið 2000 úr forsteyptum einingum. Það er skráð 172,4 fermetrar en íbúðarrými þess er 114,7 fermetrar. Garðstofan er 19,4 fermetrar auk 38,3 fermetra bílskúr.

Húsið stendur á 750 fermetra lóð í fallegu umhverfi við laxá, tvo golfvelli og strönd með fallegum göngu- leiðum. Óbyggt svæði er í kringum húsið.

Þjónusta : Pípulagnir

Endurnýjum skólplagnir með nýrri tækni!

Ástandsskoðum allar pípulagnir, myndum skólplagnir, hitamyndavél til þess að staðsetja leka og raka. Kíktu á nylogn.is Uppl. í s: 564-2100

Fasteignasala Mosfellsbæjar

Einar Páll Kjærsted
lögg. fasteignasali.
einar@fastmos.is



KJARNÁ - ÞVERHOLTÍ 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

Furubyggð 32 – 270 Mosfellsbær



OPÍÐ HÚS

Opíð hús í dag
mánudag frá kl.
17:30 til 18:00

Fallegt 138 m² raðhús á 2 hæðum og risi, ásamt 26,7 m² bílskúr á eignarlóð og með gervigrasvelli í bakgarðinum, við Furubyggð í Mosfellsbæ. V. 39,5 m. 5279

Krókabyggð – Parhús



Mjög fallegt 220 m² parhús með innbyggðum bílskúr við Krókabyggð í Mosfellsbæ. Glæsilegar innréttingar og gólfefni. Fallegur garður með timburverönd. Fallegt hús á þessum vinsæla stað. V. 42,5 m.

Viðjurgerði 8 - 108 Reykjavík



Mjög fallegt 290 m² einbýlishús á tveimur hæðum, með innbyggðum bílskúr við Viðjurgerði 8 í Reykjavík. Neðri hæð: forstofa, hol, tvö rúmgóð svefnherbergi (þrjú á teikningu), salerni, þvottahús og geymsla. 20 m² fullbúinn bílskúr. Efri hæð: 3 herbergi, hjónaherbergi með baðherbergi, baðherbergi, eldhús, stofa og borðstofa. Glæsilegar innréttingar og gólfefni. Fallegur garður í suðvestur með timburverönd með heitum potti. Eignin er laus til afhendingar strax. V.74,0 m. 5269

Prastarhöfði 53 - 270 Mosfellsbær



Glæsilegt 307,9 m² einbýlishús í byggingu, í litlum botnlanga með miklu útsýni við Prastarhöfða í Mosfellsbæ. Húsið er ca. tilbúið til innréttinga. 4-5 svefnherbergi, 2 baðherbergi, stór stofa og eldhús. Flott útsýnisstofa á 2 hæð og stóra þaksvallar með miklu útsýni. V. 62,0 m.

Arnartangi - 270 Mosfellsbær



Fallegt 257,4 m² einbýlishús með innbyggðum tvöföldum bílskúr við Arnartanga 39 í Mosfellsbæ. Góð eign fyrir stórar fjölskyldur með 5-6 svefnherbergjum. Skjólsgóður garður með timburverönd og heitum potti í suður. V. 47,8 m.

Litlikriki 2 270 Mosfellsbær



Bjartar og fallegar 3ja og 4ra herbergja íbúðir í nýju glæsilegu 3ja hæða lyftuhúsi við Litlikrika 2 í Mosfellsbæ. Íbúðirnar afhendast fullbúnar með eikar innréttingu, án gólfefna, en baðherbergi og þvottahúsgólf verður flisalagt. Bílskúr fylgir sumum íbúðum. Frábær staðsetning miðsvæðis í Mosfellsbæ. Stutt er í leik- og grunnskóla og alla þjónustu. Íbúðirnar verða tilbúnar til afhendingar þann 15.10.2011. Verð frá 22,5 m. 5276

Lækjartún - 270 Mosfellsbær



Fallegt 134,2 m² parhús á einni hæð ásamt 89,7 m² vinnustofu og bílskúr við Lækjartún í Mosfellsbæ. Húsið er steinsteyppt parhús á einni hæð. Húsið stendur á mjög fallegri lóð, innst í botnlanga í gróinni og rólegri götu. V. 38,3 m. 5265



Leirvogstunga 8 - 270 Mosfellsbær
Vorur að fá í sölu flott 199,2 m² einbýlishús með innbyggðum bílskúr í byggingu við Leirvogstunga 8 í Mosfellsbæ. Eignin er í byggingu og afhendist fullbúið að utan og fohkelt að innan. Húsið er ein hæð og milliloft. Bjart hús með mikilli lofthæð. V. 26,9 m. 5281



Ljósavík - 112 Reykjavík
Flott 94,6 m² 3ja herbergja íbúð á jörðhæð með sérinnangi og sérgarði við Ljósavík 23 í Reykjavík. Íbúðin skiptist í forstofu, hol, rúmgott hjónaherbergi, barnaherbergi, eldhús m/borðkrók, stofu/borðstofu, baðherbergi og sér þvottahús. Eignin er nýmáluð og laus til afhendingar strax. V. 23,9 m. 5209



Garðastræti 4 - 101 Reykjavík
Falleg 52,6 m², 2ja herbergja íbúð á þriðju hæð við Garðastræti 4 í Reykjavík. Frábær staðsetning í miðbæ Reykjavíkur. Stutt í alla þjónustu. Íbúðin skiptist í hol, eldhús, baðherbergi, svefnherbergi, stofu og borðstofu. Íbúðinni fylgir sérgeymsla í kjallara. Húsið er fallegt og virðist hafa verið vel viðhaldið. V. 15,9 m. 5251

VALHÖLL

FASTEIGNASALA

Síðumúla 27 - Sími 588 4477 - Fax 588 4479
Opið virka daga frá kl. 9-17



Ingólfur Gissurarson s: 896-5222 Lögg.fast.Sali.
Bárður Tryggvason s: 896-5221 sölustjóri
Heiðar Friðjónsson s: 693-3356 Lögg.fast.Sali.
Ellert Róbertsson s: 893-4477 sölumaður
Erlendur Davíðsson Löggiltur fasteignasali.
Sigþór Bragason s: 899-9787 Lögg.fast.Sali.
Jón Rafn Valdimarsson s: 695-5520 Lögg.fast.Sali.
Margrét Sigurgeirsdóttir s: 866-1515 skrifstofustjóri.
Pétur Jóhannsson Sölum. Snæfellsbæ/nes Sími:893-4718
Pórarinn Friðriksson Sölum. Sími:844-6353

Áratuga reynsla tryggir fagleg vinnubrögð

www.Valholl.is

Ingólfur Gissurarson lögg. fasteignasali

Eyjamenn komu svo mun sterkari inn í síðari hálfleikinn og Þórarinn Ingi Valdimarsson náði að jafna metin eftir að Elfar Freyr náði ekki að hafa stjórn á boltanum í vörninni.

„Mér fannst við byrja vel en fengum mark á okkur og þá fannst mér þetta detta svolítið niður hjá okkur.“

Við komum ákveðin inn í seinni hálfleikinn og vorum mun betri þar. Viljinn og baráttan var komin í restina,“ sagði Þórarinn Ingi.

Eftir þetta sóttu bæði lið stíft og sigurinn hefði auðveldlega getað dottið á hvorn veginn. Bæði lið voru orðin þreytt undir lokin enda hefur leikjadagskráin verið þétt að undanförunu. Andri Ólafsson slapp í gegn en Ingvar Þór varði meistaralega frá honum í marki Blikanna. Hinu megin var það stöngin sem bjargaði Eyjamönnum þegar Viktor Unnar Illugason skaut að marki. Ólafur Helgi Kristjánsson,

þjálfari Blika, var nokkuð sáttur við sína menn en veit að þeir eiga mikið inni. „Ég er svona bæði sáttur og ósáttur með þennan leik, við áttum undir högg að sækja í síðari hálfleik og ágætt að standa það af sér. Við þurfum samt að spila meira í takt allir því ég veit að við getum betur,“ sagði Ólafur.

„Ég er ánægður með stígandann í liðinu og ég veit að við eigum mikið inni.“ - vsh

	1-1	
ÍBV		Breiðablik
Hásteinsvöllur, áhorf.: 864		Valgeir Valgeirsson (7)

0-1 Guðmundur Kristjánsson (37.)
1-1 Þórarinn Ingi Valdimarsson (58.)

TÖLFRAÐIN

Skot (á mark)	8-7 (7-5)
Varin skot	Albert 4 - Ingvar 6
Horn	3-2
Aukaspjrnur fengnar	11-15
Rangstöður	6-2

ÍBV 4-3-3	BREIÐAB. 4-3-3
Albert Sævarsson 5	Ingvar Þór Kale 6
Matt Garner 6	Arnór Sveinn Aðalst. 6
Eiður Aron Sigurbj. 7	Einnur Orri Marg. 6
Rasmus Christiansen 7	Elfar Freyr Helgason 5
Kelvin Mellor 7	Kristinn Jónsson 6
Andri Ólafsson 6	*Guðm. Kristjánss. 7
Bryan Hughes 5	Jökull Elísabetarson 6
(80. Anton Bjarnas. -)	Andri Rafn Yeoman 6
Þórarinn Ingi Vald. 7	Arnar Már Björgvinss. 6
Guðm. Þórarinnsson 6	(73. Viktor Unnar I. -)
(65. Arnór Eyvar Ól. 5)	Tómas Óli Garðarss. 5
Denis Sytnik 3	(60. Haukur Baldv. 5)
(46. Tony Mawesje 5)	Kristinn Steindórss. 7
Jordan Connerton 4	(67. Olgeir Sigurg. 5)
	*Maður leiksins

Manchester United vann sinn nítjándna Engelsmeistaratitil um helgina sem er sögulegur áfangi:

Ekki aðalmálið að taka fram úr Liverpool

FÓTBOLTI Þegar Sir Alex Ferguson tók við Manchester United fyrir 25 árum hafði Liverpool unnið sextán meistaratitla í Englandi en United sjö. Um helgina tryggði United sér nítjándna meistaratitilinn frá upphafi og tók þar með fram úr Liverpool sem á samtals átján.

Titlarnir hjá Sir Alex eru orðin tólf og hann vantar aðeins einn til viðbótar til að jafna árangur Arsenal sem er þriðja sigursælasta lið England frá upphafi með þrettán meistaratitla.

Liverpool og United eru erki fjendur og því er þetta sérstaklega sætt fyrir síðarnefnda liðið. En Ferguson sagði sjálfur eftir leik að það væri ekki aðalmálið.

„Ég á að hafa talað um að velta

Liverpool af stalli en ég veit ekki til þess að ég hafi nokkru sinni sagt það,“ sagði afslappaður Ferguson á blaðamannafundi eftir leik.

„Þetta er afar þýðingarmikið - að vinna nítjándna titilinn. Ekki vegna þess að við tókum þar með fram úr Liverpool heldur vegna þess að við höfum unnið fleiri titla en nokkurt annað lið. Við eigum líka flesta bikarmeistaratitla. Um það snýst heila málið hjá Manchester United. Í fullkomnum heimi ættum við fleiri Evrópu-meistaratitla en við getum bætt

SIR ALEX
Hefur unnið enska meistaratitilinn tólf sinnum með Manchester United.

NORDIC PHOTOS/GETTY



einum í safnið í vor. En hér heima erum við í sérflokki og það gleður mig mest.“

United gerði 1-1 jafntefli við Blackburn um helgina en leikurinn var kannski ekki sá besti af hálfu United. Ferguson tekur þó fyrir það að deildin hafi verið lélegri í ár en oft áður.

„Það er ekki sanngjarnt að halda því fram. Það var erfitt að vinna titilinn í ár og líklega erfiðara en oftast áður,“ sagði Ferguson. „Við höfum tapað stigum víða í ár en árangur okkar á heimavelli hefur verið frábær og það skipti miklu.“

United hefur aðeins tapað tveimur stigum á Old Trafford allt tímabilið en aðeins unnið fimm af nítján útileikjum. - esá

35 ára bið Manchester City eftir titli á enda:

Nú erum við byrjaðir

FÓTBOLTI Manchester City vann sinn fyrsta stóra titil í 35 ár en liðið varð bikarmeistari eftir 1-0 sigur á Stoke í úrslitaleiknum á Wembley á laugardaginn. Yaya Toure skoraði eina mark leiksins.

„Nú getum við sagt að þetta hafi verið mjög gott tímabil,“ sagði Roberto Mancini, stjóri City. „Það var okkar markmið að komast í Meistaradeildina og það tókst. Við verðum aftur sterkir á næstu

leiktíð. Í dag skrifuðum við smá kafla í sögu Manchester City en nú erum við byrjaðir.“

Toure var vitanlega hæstánægður eftir leik. „Ég elska Wembley. Fyrst unnum við United hér og svo Stoke,“ sagði Toure en hann tryggði City einnig sigur gegn United í undanúrslitunum. „Það er frábært hvernig ég hjálpaði til við að skrifa þennan kafla í sögu félagsins.“ - esá



Lægra verð í Lyfju

www.lyfja.is

+15% afsláttur í maí á öllum stærðum af **Nicotinell IceMint**
Dæmi: 2 mg, 204 stk. með afslætti **5.516 kr.**

SUMARLEIKUR HLEÐSLU Á FÉSBÓK



Í HVERJUM MÁNUÐI
VERÐA EFTIRTALDIR
VINNINGAR Í BOÐI:



2
IPOD NANO
SEM HENTAR VEL
Í LÍKAMSRÆKTINA



2
GARMIN
FORERUNNER 305



10
HLEÐSLUTÖSKUR
FULLAR AF HLEÐSLU

2 FJALLAHJÓL



MARKID



50 KASSAR
AF HLEÐSLU

SENDU INN MYND AF ÞÉR MEÐ HLEÐSLU Á FÉSBÓK OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ GLÆSILEGA VINNINGA.

TIL AÐ TAKA ÞÁTT ÞARFTU BARA EINN
HLEÐSLUDRYKK OG MYNDAVÉL.
ÞÚ HLEÐUR MYNDINI Á VEGGINN
Á FÉSBÓKARSÍÐU HLEÐSLU OG SETUR
NAFNID ÞITT UNDIR.
FYRSTA HVERS MÁNAÐAR (JÚNÍ, JÚLÍ,
ÁGÚST) VERÐA VALDAR SKEMMTILEGUSTU
MYNDIRNAR SEM HLJÓTA GLÆSILEGA
VINNINGA.

AÐ LOKUM (1.-10. ÁGÚST) VERÐUR
BESTA MYND SUMARSINS VALIN
OG HLÝTUR VINNINGSHAFINN
FLUGMIÐA FYRIR TVO TIL EVRÓPU.

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR
UM LEIKINN Á FÉSBÓK -

 facebook.com/hledsla

BESTA MYND SUMARSINS VINNUR
FLUGMIÐA
FYRIR TVO TIL EVRÓPU

ICELANDAIR 

NÝ
BRAGÐ-
TEGUND
KÓROS OG
SUKKULABÍ



HLEÐSLA 100%
ÍPRÓTTADRYKKUR HÁGÆÐA
MYSUPRÓTEIN

WWW.MS.IS

*VINNINGSMYNDIR MÁNAÐARINS VERÐA NOTAÐAR TIL AÐ AUGLÝSA LEIKINN ÁFRAM Í SUMAR. MEÐ SAMÞYKKI ÞÁTTTAKENDA.




Fylkisvöllur, áhorf.: 1.463 Örvar Sær Gíslason (7)

1-0 Þórir Hannesson (21.)
2-0 Albert Brynjar Ingason (69.)
2-1 Jónas Tór Næs (90.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	11-10 (4-6)
Varin skot	Fjalar 5 – Haraldur 2
Horn	7-4
Aukaspjrnur fengnar	15-8
Rangstöður	3-5

FYLKIR 4-3-3	VALUR 4-4-2
Fjalar Þorgeirsson 6	Haraldur Björnsson 6
*Þórir Hannesson 7	Jónas Tór Næs 6
Kristján Valdimarsson 7	Atli Sveinn Þórarinn 5
Valur Fannar Gíslas 7	Halldór Kr. Halldórss 5
Tómas Þorsteinsson 6	Pól J. Justinussen 5
Ásgeir Bórkur Ásg 6	(56. Andri Fannar St.) 5
Gylfi Einarsson 6	Matthías Guðm. 6
Andrés Már Jóh. 7	Sigurbjörn Hreiðarss. 5
(88. Davíð Þór Ásbj.) 7	Guðjón P. Lýðsson 6
Ingimundur Niels Ó. 7	Jón Vilhelm Ákason 6
Jóhann Þórhallsson 6	(73. Þórir Guðjónss.) 5
(79. Andri Már Herm.) 5	Christian Mouritsen 5
Albert Brynjar Ingas. 7	(46. Rúnar Már Sig.) 5
*Maður leiksins	Hörður Sveinsson 5



Laugardalsv., áhorf.: 867 Guðm. Ársæll Guðm. (x)

1-0 Arnar Gunnlaugsson (10.)
1-1 Halldór Orri Björnsson (14.)
2-1 Arnar Gunnlaugsson, víti (27.)
2-2 Halldór Orri Björnsson (61.)
2-3 Bjarki Páll Eysteinnsson (75.)
2-4 Jón Guðni Fjóluson, sjálfsm. (79.)
2-5 Garðar Jóhannsson (85.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	7-15 (4-11)
Varin skot	Ögmundur 6 – Magnús 2
Horn	5-5
Aukaspjrnur fengnar	8-14
Rangstöður	11-4

FRAM 4-3-3	STJARNAN 4-3-3
Ögmundur Krittinnss. 3	Magnús Karl Péturss. 5
Jón Orri Ólafsson 3	Jóhann Laxdal 7
Kristján Hauksson 3	Daníel Laxdal 7
Jón Guðni Fjóluson 2	Nikolaj Pedersen 5
Sam Tíllen 4	Hörður Árnason 6
Halldór Hermann J. 3	Þorvaldur Árnason 6
Daði Guðmundsson 4	Björn Pálsson 6
Jón Gunnar Eysteinnss. 3	Aron Grétar Jafetss. 7
(62. Andri Júlíusson 3)	(73. Bjarki Páll Eyst.) 7
Arnar Gunnlaugsson 8	Halldór Orri Björnss. 8
(43. Hlynur Atli M.) 4	Jesper Holdt Jensen 8
Tómas Leifsson 3	(92. Hrannar H.) 5
(80. Kristinn Ingi H.) 3	*Garðar Jóhannss. 8
Ivar Björnsson 3	*Maður leiksins

STAÐAN Í PEPSI-DEILD KARLA

KR	3	2	1	0	6-3	7
Stjarnan	4	2	1	1	8-6	7
Fylkir	4	2	1	1	6-5	7
ÍBV	4	2	1	1	4-3	7
Valur	4	2	0	2	4-3	6
Keflavík	3	1	2	0	6-4	5
FH	3	1	1	1	5-3	4
Víkingur	3	1	1	1	2-2	4
Breiðablik	4	1	1	2	6-9	4
Grindavík	3	1	0	2	4-6	3
Þór	3	1	0	2	1-3	3
Fram	4	0	1	3	2-7	1

Fylkir vann 2-1 sigur á Val í Árbænum í gær og er komið upp við topp Pepsi-deildar karla:

Einbeittir Fylkismenn nældu í þrjú stig

FÓTBOLTI Baráttuglaðir Fylkismenn bættu þremur stigum í safnið með 2-1 sigri á Valsmönnum í Árbænum í gærkvöldi. Veðurskiptir buðu upp á fína knattspyrnu en hið sama verður ekki sagt um vallaraðstæður. Grasið á Fylkisvelli gerði leikmönnum erfitt fyrir og ljóst að nokkrar vikur eru í að Lautin í Árbænum verði iðjagræn og slétt.

Leikurinn var jafn framan af en Fylkismenn komust yfir um miðjan fyrri hálfleikinn með skallamarki Þóris Hannessonar eftir hornspyrnu. Eftir markið voru þeir hættulegir í sínum aðgerðum og óhræddir að láta vaða á markið þegar tækifæri gafst. Valsmönnum

gekk að sama skapi illa að fóta sig á vallarhelmingi Fylkismanna. Komu sér oft í finar stöður án þess að koma skoti á markið.

„Við létum boltann ganga ágætlega á milli okkar en þegar við komumst á síðasta þriðjunginn gerðist voðalega lítið. Attum stangarskot, eitthvert klafs í teignum en það var ekkert meira en það,“ sagði Jón Vilhelm Ákason.

Jón Vilhelm komst næst því að jafna metin fyrir Valsmenn um miðjan síðari hálfleikinn þegar hörkuskot hans small í stöng. En skömmu síðar skoraði Albert Brynjar Ingason þegar hann fylgdi eftir hörkuskoti Jóhanns Þórhallssonar og allur vindur fór



TEKIÐ Á ÞVI Matthías Guðmunsson, Val, í baráttu við Ásgeir Bórk Ásgeirsson.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

úr Valsmönnum. Þeir voru aldrei líklegir til þess að koma til baka og mark Færeyingsins Jónasar Tórs Næs í blálokin lítill sárabót.

„Þetta var verðskuldað fannst mér. Góður sigur, kannski ekki fallegasti fótoltinn heldur vinnusigur,“ sagði kampakátur miðjumaður Fylkis, Andrés Már Jóhannsson. Fylkismenn glutruðu niður unnum leik í fyrstu umferð mótsins líkt og gerðist svo oft síðasta sumar en þeim hefur gengið ágætlega síðan.

„Við erum orðnir einbeittari, loksins búnir að læra af mistökunum. Nú gerum við þetta almennilega og klárum 90 mínútur,“ sagði Andrés Már að lokum.

- ktd

AFTAKA Á HÁLFTÍMA

Stjörnumenn gjörsgruðu Framara á Laugardalsvelli í gær en niðurstaðan var 5-2 sigur gestanna úr Garðabænum. „Það reynir á menn þegar illa gengur og spurning hvort menn leysa það,“ segir Þorvaldur Örlygsson, þjálfari Fram.

FÓTBOLTI „Þetta var einhver lélegasti leikur minn fyrir Fram og þetta var alveg hrikalegt,“ sagði Jón Guðni Fjóluson, leikmaður Fram, sem átti afar dapran leik í hriplekri vörn Framara í gær sem tapaði 5-2 fyrir Stjörnunni í Pepsi-deildinni í fótoltu. Jón Guðni gerði sjálfsmark og missti boltann oft klaufalega en Stjarnan nýtti sér veika vörn heimamanna og hefði getað unnið ennþá stærra.

Heimamenn í Fram byrjuðu hins vegar leikinn með látum og var Arnar Gunnlaugsson í miklu stuði. Fátt er meira skemmtilegra en að horfa á hann í góðum gir og hann hreinlega átti fyrri hálfleikinn. Lék við hvern sinn fingur. Það var því vel við hæfi að hann skoraði bæði mörk Framara í fyrri hálfleik. Fyrst eftir langa sendingu frá Ögmundi markverði. Slapp hann þá einn í gegn og átti auðvelt með að skora fram hjá Magnúsi Karli sem stóð á milli stanganna hjá Stjörnunni. Magnús hætti sér of framarlega og Arnar nýtti sér það – enda með augu arnarins.

Síðara markið var úr vítaspjrnun sem réttilega var dæmd á Jóhann Laxdal. Jóhann krækti í Ivar Björnsson sem féll og dómarrinn, Guðmundur Ársæll, dæmdi réttilega vítaspjrnun.

Staðan var 2-1 í hálfleik en Halldór Orri Björnsson skoraði mark Stjörunnar. Rétt fyrir hálfleik meiddist hins vegar Arnar og þurfti að yfirgefa völinn. Við það fór allt bit úr Frömurum.

Síðari hálfleikur hófst með mikilli baráttu og látum og bæði lið gáfu ekki þumlung eftir. Halldór Orri jafnaði á ný eftir skelfileg



KAMPAKÁTIR Í HVÍTU Stjörnumenn fagna einu marka sinna í Laugardalnum í gær. Garðar Jóhannsson er fyrir miðri mynd.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

mistök Sam Tíllen. Við það mark slokknadi hreinlega á Frömurum og einföldustu hlutir í fótoltunum, sendingar og móttaka, urðu þeim of flókin. Gestirnir dattu í girinn og hreinlega keyrðu yfir steinsofandi heimamenn.

Bjarki Páll Eysteinnsson skoraði laglegt mark, nánast með sinni fyrstu snertingu eftir að hafa komið inn af varamannabekknun, svo gerði Jón Guðni klaufalegt sjálfsmark og Garðar Jóhannsson fullkomnaði svo niðurlægjnguna með stórbrotnu marki úr aukaspjrnun. „Ég sá Matta Vill gera þetta um daginn og ákvað bara að toppa það,“ sagði kampakátur Garðar eftir leikinn. „Það er ekki á hverjum degi sem við vinnum svona stórt og á útivelli. Eftir að

við náðum að jafna þá er eins og þeir detta eitthvað niður og við keyrum bara yfir þá.“

Halldór Orri Björnsson gerði tvö mörk fyrir Stjörnunna og hefði vel getað skorað fleiri, hefði heppinn verið með honum. „Mig langaði í þrennuna. Hún kom bara ekki því miður. En ég lofa að hún dettur inn í sumar.“

Þorvaldur Örlygsson, þjálfari Fram, var að vonum allt annað en sáttur við sitt lið. „Það er voða lítið hægt að gera hvort sem það gengur illa eða vel – menn verða að halda áfram. Það er voða auðvelt að lifa lífinu þegar vel gengur og allt er í ljóma en það reynir á menn þegar illa gengur og það er spurning hvort menn leysa það – ég vona að við gerum það.“



BIRGIR LEIFUR Lék vel á Ítalíu um helgina.

MYND/DANIEL

Birgir Leifur í 3.-4. sæti:

Fékk 1,6 milljónir króna

GOLF Birgir Leifur Hafþórsson náði frábærum árangri á móti í áskorendaröð Evrópu sem fór fram í Toskanúhéraði á Ítalíu um helgina. Hann endaði í 3.-4. sæti og hlaut fyrir það 1,6 milljónir króna í verðlaunafé.

Þetta er besti árangur Birgis Leifs í nokkurn tíma en hann var lengi frá vegna meiðsla. Í gær lék hann á samtals 68 höggum en lék sérstaklega vel á fyrri níu holunum þegar hann fékk þrjú fugla. Hann lék svo á pari á seinni níu.

Frakkinn Anthony Snobeck fagnaði sigri á mótinu en hann lék á samtals tólf höggum undir pari. Birgir Leifur lék á tju undir samanlagt eftir keppnisdagana fjóra.

- esá

Ronaldo með 38 mörk:

Jafnaði metið

FÓTBOLTI Cristiano Ronaldo skoraði tvívegis í 3-1 sigri Real Madrid á Villarreal í gær. Þar með er hann kominn með 38 deildarmörk á tímabilinu sem er metjónun á Spáni. Alls hefur hann skorað 51 mark á tímabilinu í öllum keppnum, einu minna en Lionel Messi hjá Barcelona.

Ronaldo á þó Pichichi-verðlaunin vís þar sem hann hefur sjö marka forystu á Messi í deildarmörkum.

- esá

Pantaðu fría landslagsráðgjöf í dag!

Inga Rut Gylfadóttir og Björk Guðmundsdóttir, landslagsarkitektar FILA, hjálpa þér við að skipuleggja draumagarðinn þinn þér að kostnaðarlausu.

Pantaðu tíma og fáðu nánari upplýsingar hjá sölueld Steypustöðvarinnar í síma

4 400 400

STEYPUSTÖÐIN
Sterkari lausnir

TAKTU SKREFIÐ



SKAPAÐU ÞÍNA EIGIN FRAMTÍÐ

- kynningarfundur 17. maí að Dunhaga 7 kl. 17:15

NÁMSBRAUTIR SEM HEFJAST Í HAUST:



LEIÐSÖGUNÁM Á HÁSKÓLASTIGI

GÆÐASTJÓRNUN

FRAMKVÆMDAFERLI MANNVIRKJAGERÐAR

- fjármögnun, samningar, útboðsreglur og uppgjör

VERKEFNASTJÓRNUN – LEIÐTOGAÞJÁLFUN

HUGRÆN ATFERLISMEÐFERÐ

- Eins árs þverfaglegt, hagnýtt nám
- Tveggja ára nám fyrir sálfræðinga og geðlækna

FJÖLSKYLDUMÉÐFERÐ (NÁM Á MEISTARASTIGI)



NÁM TIL LÖGGILDDINGAR FASTEIGNA-, FYRIRTÆKJA OG SKIPASALA

LYKILÞÆTTIR ÞJÓNUSTU – MARKVISS LEIÐ

- umsóknarfrestur til 29. september

REKSTUR, STJÓRNUN OG MARKAÐSSETNING SMÁFYRIRTÆKJA – MARKVISS LEIÐ

- umsóknarfrestur til 9. september

100%

jákvæðni



Allir sem hafa sótt námskeið hjá okkur síðastliðna 12 mánuði eru jákvæðir gagnvart Endurmenntun.*

*Samkvæmt könnun Félagsvísindastofnunar HÍ í febrúar 2012.

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS



Námsráðgjöf og upplýsingar:

sími 525 4444
endurmenntun.is

> Bruce Willis

„Ég hef alltaf haft sjálfstraust. Áður en ég varð frægur, kom sjálfstraustið mér í vandræði. Eftir að ég hlaut frægðina, kom sjálfstraustið mér í enn meiri vandræði.“

Bruce Willis fer með aðalhlutverkið í framtíðartrýllinum Surrogates, sem fjallar um rannsókn á dularfullu morði á ungru konu sem tengist vísindamanni sem þróaði fyrstu fjarstýrðu vélmennin. Myndin er á Stöð 2 Bíó kl. 20 í kvöld.




VIÐ TÆKIÐ SARA MCMAHON BERST FYRIR YFIRRÁÐUM Á SJÓNVARPSFJARSTÝRINGUNNI

Batnandi manni er best að lifa

Þegar ég og sambýlingurinn tókum það stóra skref að flytja inn saman vorum við svo heppin að vera aðeins með eina sjónvarpsstöð. Þau kvöld sem fóru í sjónvarpsáhorf á fyrsta heimilinu voru því þægileg og einföld enda ekki hægt að þræta um val á sjónvarpsefni.

Nú, mörgum árum síðar, erum við orðin áskrifendur að Fjölvarpinu og höfum ekki eina, ekki tvær heldur um áttafju sjónvarpsstöðvar til að horfa á. Það er vissulega gaman að hafa val en þetta gríðarlega úrval hefur einnig verið uppspretta margra deilna milli mín og sambýlingsins.

Deilurnar eiga sér oftast stað á kvöldin þegar mig langar að horfa á danskt eða sænskt sjón-



varpsefni og sambýlinginn langar að horfa á harðkjarnaefni á borð við Deadliest Catch og America's Hardest Prisons. Upphefst þá mikil og hörð baráttu um völdin yfir fjarstýringunni og þar mæstast sannarlega stálin stinn. Svekkelsið yfir töpuðum bardaga endist þó sem betur fer aldrei lengi. Mér er því orðið ljóst að svo gott úrval af sjónvarpsefni sé ekki endilega af hinu góða. Ekki nema áhorfandinn kunnir þá góðu list að deila með sér og vera sínum nánustu svoltið eftirlátur. En líkt og spekingurinn sagði forðum daga þá er batnandi sjónvarpsáhorfanda best að lifa.

dagskrá

RÚV

16.25 Skógarnir okkar - Hallormsstaðaskógur (2:5)

17.20 Landinn (e)

17.50 Táknálsfréttir

18.00 Mærin Mæja (14:52)

18.08 Framklín (63:65)

18.30 Sagan af Enyó (20:26)

19.00 Fréttir

19.30 Veðurfréttir

19.35 Kastljós

20.15 Monica og David (Monica and David) Monica og David Bandarísk heimildarmynd um ung hjón með Downs-heilkenni og foreldra þeirra sem reyna að styðja þau eftir mætti.

21.10 Leitandinn (24:44) (Legend of the Seeker) Bandarísk þáttaröð um ævintýri kappans Richards Cypher og dísarinnar Kahlan Amnell. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.

22.00 Tíufréttir

22.10 Veðurfréttir

22.15 Íslenski boltinn Í þættinum er fjallað um Íslandsmótið í fótbolta karla.

23.10 Þýski boltinn Mörk og tilþrif úr síðustu leikjum í Bundesligunni, úrvalsdeild þýska fótboldans.

00.10 Íslandsmót í hnafaleikum (e)

01.20 Kastljós (e)

01.55 Fréttir (e)

02.05 Dagskrárlok

BÍÓ

06.50 Surrogates

08.20 Top Secret

10.00 The Naked Gun

12.00 G-Force

14.00 Top Secret

16.00 The Naked Gun

18.00 G-Force

20.00 Surrogates

22.00 The Black Dahlia

00.00 Jindabyne

02.00 Johnny Was

04.00 The Black Dahlia

06.00 Taken

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2

08.15 Oprah

08.55 Í finu formi

09.10 Bold and the Beautiful

09.30 The Doctors

10.15 Masterchef (13:13)

11.00 Lie to Me (9:13)

11.45 Falcon Crest (27:28)

12.35 Nágrannar

13.00 So You Think You Can Dance (18:25)

14.25 So You Think You Can Dance (19:25)

15.10 ET Weekend

15.55 Barnatími Stöðvar 2

17.05 Bold and the Beautiful

17.30 Nágrannar

17.55 The Simpsons (7:22)

18.23 Veður

18.30 Fréttir Stöðvar 2

18.47 Íþróttir

18.54 Ísland í dag

19.11 Veður

19.20 Two and a Half Men (6:22)

19.45 Modern Family (9:24)

20.10 Glee (18:22) Önnur gamanþáttaröðin um metnaðarfullu menntaskólanemana sem halda áfram að keppast við að vinna söngkeppni á landsvísi.

21.20 The Event (20:22) Hörkuspennandi þættir um venjulegan, ungan mann sem hafður er fyrir rangri sök. Ásamstærstu sinni lendir hann á flotta og áður en þau vita af eru þau orðin flækt í meiri háttar samsæri gegn forseta Bandaríkjanna.

22.05 Nikita (9:22) Ný og hörkuspennandi þáttaröð frá Warner Bros um leyniþjónustuna Division.

22.50 The Office (3:6)

23.20 How I Met Your Mother (7:24)

23.45 Bones (7:23)

00.30 Hung (4:10)

01.00 Eastbound and Down (4:6)

01.30 True Blood (6:12)

02.20 True Blood (7:12)

03.10 True Blood (8:12)

04.00 Who the *\$%& is Jackson Pollock

05.15 Fréttir og Ísland í dag

SPORT

besta sætið

07.00 Spænski boltinn: Barcelona - Deportivo

15.40 Spænski boltinn: Villarreal - Real Madrid Útsending frá leik Villarreal og Real Madrid í spænsku úrvalsdeildinni.

17.25 NBA 2010/2011 - Playoff Games Útsending frá leik í úrslitakeppni NBA.

19.15 Ensku bikarmörkin Síndar svipmyndir og öll mörkin úr leikjum helgarinnar í ensku bikarkeppninni (FA Cup).

19.45 KR - Þór Bein útsending frá leik KR og Þórs í Pepsi-deild karla í knattspyrnu.

22.00 Pepsi mörkin Hörður Magnússon, Hjörvar Hafliðason og Magnús Gylfason gera upp leikina í Pepsi-deild karla. Öll mörkin og umdeildu atviki eru skoðuð og farið yfir það sem vel er gert og það sem betur mátti fara hjá leikmönnum, dómurum og þjálfurum.

23.10 Golfskóli Birgis Leifs (8:12) Golfþáttur þar sem besti kylfingur Íslands, Birgir Leifur Hafþórsson, tekur fyrir allt sem tengist golfi og nýstí kyflingum á öllum stigum leiksins.

23.40 Spænsku mörkin

00.30 KR - Þór

02.20 Pepsi mörkin

SPORT 2

enski boltinn

07.00 Liverpool - Tottenham

13.00 Birmingham - Fulham

14.45 Wigan - West Ham

16.30 Sunnudagsmessan Sunnudagsmessan með þeim Guðmundi Benediktssyni og Hjörvari Hafliðasyni er þáttur sem einginn má láta framhjá sér fara.

17.45 Premier League Review Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.

18.40 Swansea - Nott. Forest Bein útsending frá leik Swansea og Nottingham Forest í undanúrslitum um sæti í ensku úrvalsdeildinni. Þetta er seinni leikur liðanna.

21.00 Premier League Review Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.

21.55 Ensku mörkin Sínt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.

22.25 Swansea - Nott. Forest

SKJÁREINN

08.00 Dr. Phil (177:181)

08.45 Rachael Ray (177:195)

09.30 Pepsi MAX tónlist

15.35 An Idiot Abroad (5:9)

16.25 Rachael Ray (178:195)

17.10 Dr. Phil (178:181)

17.55 Matarklúbburinn (7:7)

18.20 Spjallið með Sölva (13:16)

19.00 Kitchen Nightmares (7:13)

19.45 Will & Grace (9:25) Endursýningar frá upphafi á hinum frábæru gamanþáttum.

20.10 90210 (19:22) Bandarísk þáttaröð um ástir og átök ungmenna í Beverly Hills.

20.55 Hawaii Five-O (11:24) Bandarísk þáttaröð sem byggist á samnefndum spennuþáttum sem nutu mikilla vinsælda á sjöunda og áttunda áratugnum.

21.45 CSI (18:22) Bandarískir sakamálaþættir um störf rannsóknardeildar lögreglunnar í Las Vegas.

22.35 Penn & Teller (9:10) Galdrakarlamir brögðóttu Penn og Teller afhjúpa svikahrapa og svindlara í þessum bráðskemmtilegu þáttum.

23.05 Californication (7:12)

23.35 Rabbit Fall (7:8)

00.00 Spjallið með Sölva (13:16)

00.05 CSI: New York (4:23)

00.40 Pepsi MAX tónlist

00.50 Will & Grace (9:25)

01.10 Hawaii Five-O (11:24)

01.55 Pepsi MAX tónlist

06.00 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

07.00 The Players Championship (4:4)

11.10 Golfing World (84:240)

17.10 PGA Tour - Highlights (17:45)

18.00 Golfing World (86:240)

18.50 The Players Championship (4:4)

22.00 Golfing World (86:240)

22.50 Champions Tour - Highlights

23.45 ESPN America

00.00 Golfing World (86:240)

00.50 The Players Championship (1:4)

06.00 ESPN America

EXTRA

19.30 The Doctors

20.15 Ally McBeal (5:22) Mamma Jenny, sem er gift 22 ára gömlum manni, ákærir fyrirverandi atvinnuveitendur sína fyrir kynferðislega áreitni. Það er enginn annar en poppgöðin Elton John sem kemur fram í þættinum og tekur lagið.

21.00 Fréttir Stöðvar 2

21.25 Ísland í dag

21.55 The Mentalist (19:24) Þriðja serían af frumlegri spennuþáttaröð um Patrick Jane, sjálfstætt starfandi ráðgjafa rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu.

22.40 Rizzoli & Isles (1:10) Spennandi glæpaþáttaröð um leynilögreglukonuna Jane Rizzoli og lækinn Mauru Isles sem eru afar ólíkar en góðar vinkonur. Jane er eini kvenleynilögreglumaðurinn í morðdeild Boston og er hörð í horn að taka og mikill töffari. Mauru er hins vegar afar róleg og líður best á rannsóknarstofu sinni meðal þeirra látna.

23.35 Boardwalk Empire (12:12)

00.35 Ally McBeal (5:22)

01.20 The Doctors

02.00 Sjáðu

02.25 Fréttir Stöðvar 2

03.15 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

N4

18.15 Tveir gestir

18.45 Að norðan Með Hildu Jönu Gísladóttur.

19.00 Fróðleiksmolinn

INN

20.00 Heilsuþáttur Jóhönnu Þórólfrur Guðnason söttvarnalækneir fjallar um bólu-setningar. Farið er yfir góð ráð til að styrkja ónæmiskerfið.

20.30 Golf fyrir alla

21.00 Frumkvöðlar Elínóra Inga og Kwinnráðstefnan í Hörpu eftir 10 daga.

21.30 Eldhús meistarana Magnús Ingi og Víðar Freyr í Keisranum.

Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTVARP FM

FM 88,5 XA-Radíó
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
FM 91,9 Kaninn

FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan

FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan

FM 99,4 Útvarp Saga
FM 102,2 Útvarp Latibær

FM 102,9 Lindin
FM 105,5 Útvarp Boðun

HÁSKÓLABRÚIN

Langar þig í háskólanám en vantar stúdentspróf?

Háskólabrú Keilis býður upp á nám fyrir þá sem hafa ekki lokið stúdentsprófi.

Að loknu námi uppfylla þeir inntökuskilyrði í háskóla hérlendis og erlendis.

Komdu í skemmtilegt nám í frjóu umhverfi. Komdu í Keili.



UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 6. JÚNÍ

Nánari upplýsingar er að finna á www.keilir.net



Keilir
Miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs

Í KVÖLD



STÖÐ 2 SPORT KL. 19.45

KR - Þór

Bein útsending frá leik KR og Þórs í Pepsi-deild karla í knattspyrnu. Þórsarar eru í efstu deild í fyrsta sinn í níu ár og ætla að berjast fyrir hverju stigi. Í síðustu ferð Þórsara til Reykjavíkur lagði liðið Fram að velli.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútvarp hefst 06.40 Veðurfregni
06.50 Bæn 07.00 Fréttir 07.03 Vitt og breitt 07.30 Fréttayfirlit 08.00 Morgunfréttir 08.05 Morgunfund með KK 08.30 Fréttayfirlit 09.00 Fréttir 09.05 Okkar á milli 09.45 Morgunleikfimi 10.00 Fréttir 10.03 Veðurfregni 10.13 Stefnumót 11.00 Fréttir 11.03 Samfélagið í nærmynd 12.00 Hádegisútarvörð 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Veðurfregni 12.50 Dánarfregni og auglýsingar 13.00 Hringrás 14.00 Fréttir 14.03 Bak við stjórnurnar 15.00 Fréttir 15.03 Útvarpssagan: Náðarkraftur 15.25 Fólki og fræði 16.00 Síðdegisfréttir 16.05 Víðsjá 17.00 Fréttir 18.00 Kvöldfréttir 18.20 Auglýsingar 18.21 Spegillinn 18.50 Veðurfregni 18.53 Dánarfregni 19.00 Endurómur úr Evrópu 20.00 Leynifélagið 20.30 Kvika 21.10 Frá Tónskáldabinginu í Lissabon 22.00 Fréttir 22.05 Veðurfregni 22.10 Orð kvöldsins 22.15 Gími, grúsk og glórir 23.05 Lostafulli listræninginn 23.45 Málstofan 00.00 Fréttir 00.05 Næturútvarp Rásar 1

BBC entertainment

07.35 Monarch of the Glen 08.25 My Family 08.55 My Family 09.25 My Family 10.00 EastEnders 10.25 Fawcety Towers 11.00 Allo Allo! 11.35 Allo Allo! 12.05 Keeping Up Appearances 12.35 Fawcety Towers 13.10 Allo Allo! 13.45 Allo Allo! 14.20 The Weakest Link 15.05 The Weakest Link 15.55 Fawcety Towers 16.25 Allo Allo! 17.00 Allo Allo! 17.30 Dalziel and Pascoe 18.20 Dalziel and Pascoe 19.10 Top Gear 20.00 Jack Dee Live at the Apollo 20.45 QI 21.15 Little Britain 21.45 Coupling 22.15 Jack Dee Live at the Apollo

DR 1

11:20 Bonderøven 11:50 Postkort fra Sydeuropa: Fontænerne i Rom 12:00 Teatertrup på farten 13:00 DR Update - nyheder og vejr 13:10 Jamie i det fede USA 14:00 Timmy-tid 14:10 Chiro 14:15 Den fortlylrede karusel 14:30 Kaj og Andrea - som babyer 15:00 Landsbyhospitalet 15:50 DR Update - nyheder og vejr 16:00 Jamies mad på 30 minutter 16:30 TV Avisen med Sport 17:05 Aftenshowet 18:00 Jamie Oliver i Venedig 19:00 TV Avisen 19:25 Horisont 19:50 SportNyt 20:00 Miss Marple 21:35 Kysset af spritten

NRK 1

12.05 Kjærlighetshagen 12.35 Ut i nærturen 12.50 Mainatt på Mjøsa 13.00 NRK nyheter 13.10 Par i hjertet 14.00 NRK nyheter 14.10 Popstokk 15.00 NRK nyheter 15.10 Rallycross 15.40 Oddasat - nyheter på samisk 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Færkveid 16.40 Distriktsnyheter 17.45 Lev lunge! 18.15 Dronningen, Slottet og Linstow 18.45 Fysikk på roterommet 18.55 Distriktsnyheter 19.30 Norge i krig - oppdrag Afghanistan 20.00 The Street 21.00 Kveldsnytt 21.20 Lewis 22.55 Nytt på nytt

svt1

12.30 Världens kläder 13.00 Gloria-tv 13.05 Vilma 13.10 Gomorron Sverige 14.00 Rapport 14.05 Två kokkar i samma soppa 14.55 Mästarnas mästare 15.55 Sportnytt 16.00 Rapport med A-ekonomi 16.10 Regionala nyheter 16.15 Fråga doktorn 17.00 Kultumyheterna 17.15 Regionala nyheter 17.30 Rapport med A-ekonomi 18.00 Djursjukhuset 18.30 Det söta livet 19.00 Himmelblå 19.45 Väsen 20.00 Ramp 20.30 Ett evigt berättande 21.00 Damages 21.45 Djursjukhuset 22.15 Vetenskapens värld

Mikið úrval rjómaosta við öll tækifæri



Rjómaostur er einstaklega mjúkur og auðsmyrjanlegur ferskostur. Hann er uppistaðan í ostakökum og krydduðu tegundirnar eru einkar ljúffengar með brauði og kexi. Rjómaostur hentar einnig sérlega vel til að bragðbæta súpur og sósur.



med hvítlauk

med kryddblöndu

hreinn

med svörtum pipar

med appelsínulíkjör

med sölþurrkudum tómötum





„Besti bitinn er klárlega Vega-mótaborgarinn á Vegamótum. Ég fer þangað þegar ég vil dekra við mig.“

Haraldur Ingi Shoshan, gítarleikari hljómsveitarinnar Angist.

Flottir dómar fyrir Eldfjall

Kvikmynd Rúnars Rúnarssonar, Eldfjall, fær flotta dóma í þremur virtustu kvikmyndatímamarkaðum, Variety, Hollywood Reporter og Screen Daily. Myndin var frumsýnd á Cannes-kvikmyndahátíðinni í síðustu viku að viðstöddum leikstjóranum sjálfum og aðalleikurunum, þeim Theódór Júlíussyni og Margréti Helgu Jóhannsdóttur. Auk þeirra voru þau Þorsteinn Bachmann og Elma Lís Gunnarsdóttir einnig viðstödd frumsýninguna ásamt Kjartani Sveinssyni, oftast kenndum við Sigur Rós, en hann semur tónlistina í myndinni.

David Rooney, rýnir hjá Hollywood Reporter, segir að þrátt fyrir nokkrar eldheitar ástarsenur milli gamals fólks eigi myndin seint eftir að verða

fyrsta val hjá áhorfendum sem stefnumótamynd. „Þetta er hins vegar ástarsaga sem tekur á hlutunum af næmni og ógrar aldrei sannleikanum,“ skrifar Rooney. „Hún á eftir að snerta taugar hjá þeim sem hafa þurft að takast á við sjúkdóm hjá maka eða öldruðu foreldri og þær ákvarðanir sem fylgja slíkri baráttu.“

Mark Adams, rýnir Screen Daily, hrósa Theódór Júlíussyni alveg sérstaklega fyrir frammistöðu sína. Hann hrósar einnig einfaldleikanum og hversu fágáðan stíl Rúnar hefur. Alissa Simon hjá Variety segir Eldfjall halda í sín séreinkenningu sem íslensk mynd en eigi einnig eftir að höfða vel til fólks úti um allan heim.



GENGUR VEL Peim Theódór Júlíussyni, Rúnari Rúnarssyni og Margréti Helgu hefur verið tekið vel af gagnrýnendum í Cannes en kvikmyndin Eldfjall var frumsýnd þar í síðustu viku.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Sigur Aserbaídjans í Eurovision kom mörgum í opna skjöldu. Laginu hafði þó verið spáð nokkurri velgengi af Eurovision-sérfræðingum en fæstir sáu þó sigur í kortunum. Lagahöfundarnir eru hins vegar ekki Aserar heldur koma þeir frá Svíþjóð. Annar þeirra heitir því „Íslenska“ nafni Stefán Örn og hann hefur tengingu við íslenskt Eurovision. Hann útsætti lag **Jóhönnu Guðrúnar**, Slow Down, sem keppti um að komast til Düsseldorf í söngvakeppni RÚV.

- fgg



Orgeltónleikar í Dómkirkjunni

Norski organistinn Stig Wernö Holter heldur orgeltónleika mánudaginn 16. maí kl. 20.00

Á efnisskránni eru verk eftir, J.S. Bach, Egil Hovland, Ludvig Nielsen

Jón Þórarinnsson og Stig Wernö Holter

Enginn aðgangseyrir

Norska sendiráðið - Dómkirkjan



SIGRÚN STEFÁNSDÓTTIR: HAGSTÆÐARA EF SVÍÞJÓÐ HEFÐI UNNIÐ

Langt ferðalag Eurovision-fara fram undan til Bakú

Íslenska lagið Coming Home með Vinum Sjonna eftir Þórunni Ernu Clausen og Sigurjón Brink hafnaði í 20. sæti. Lagið fékk engu að síður 61 stig og sexmenningarnir fluttu lagið óaðfínanlega á sviðinu í Düsseldorf. Stigin dreifðust óvenjumikið í keppinni og Eurovision-sérfræðingar eru sammála um að keppnin hafi ekki verið svona jöfn í langan tíma.

Að endingu var það hins vegar Aserbaídsjan sem fór með sigur af hólmi með lagið Running Scared með þeim Nigar og Eldar. Aserbaídsjan er tiltölulega nýtt í þessari keppni og árangur þess því eftirtektarverður. Þetta þýðir hins vegar að fulltrúar Íslands á næsta ári eiga fyrir höndum ansi skrautlegt og langt ferðalag enda

Aserbaídsjan það land í Evrópu sem er lengst frá Íslandi. Auk þess mun keppnin hefjast á miðnætti að staðartíma og ljúka um klukkan hálf fjögur um nóttina. „Það hefði óeitanlega verið hagstæðara ef Svíþjóð hefði unnið,“ segir Sigrún Stefánsdóttir, dagskrárstjóri RÚV. Hún bætir því við að hún sé ákaflega stolt af Vinum Sjonna þótt þeir hefðu mátt enda aðeins ofar. „Svona í ljósi þess að þeir höfnuðu í fjórða sæti í undanriðlunum.“

Heimir Guðjónsson, þjálfari bikarameistara FH, fór fyrir liðinu sem keppti við Aktobe frá samnefndri borg í Aserbaídsjan í forkeppni meistaradeildar Evrópu árið 2009. „Við flugum til Kaupmannahafnar og leiðum okkur vél þaðan til að fljúga með til Aserbaídjans,

þetta var allsvakalegt ferðalag. En þeir sem við ræddum við sögðu að þetta væri hagstæðara,“ segir Heimir. Kristinn Jakobsson milliríkjadómari dæmdu leik í höfuðborg landsins, Bakú, og hann var í loftinu í fimmtán klukkutíma. „Við gistum eina nótt í Vín en alls voru þetta fimmtán klukkutímar. Hins vegar kom það ótrúlega á óvart hversu mikil menning var í kringum höfuðborgina og allt sem sneri að okkur var fyrsta flokks.“

Sigrún segir að þau verði einfaldlega að taka örlögum sínum en lyklatríðið sé að bregðast skjótt við. „Við verðum bara vera fljót að skoða hagstæð flug. Vonandi verður síðan hótélverðið bara hagstæðara en í Þýskalandi.“

freyrgigja@frettabladid.is

Ein vinsælasta vara Debenhams á lækkuðu verði

Triumph®
minimizer

Stærðir
75C til 95G
Til í svörtu og hvítu

Verð áður kr. 8.990

Verð nú kr. 6.990

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKAPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

Elín Ey böskar í Bankastrætinu

Tónlistarkonan Elín Ey ætlar að vera dugleg við að böska í miðbæ Reykjavíkur í sumar. Þar spilar hún á kassagítarinn sinn fyrir pening og eru bæði útlendingar og Íslendingar duglegir við að kafa ofan í vasa sína eftir aukum.

„Þegar margir túristar eru og mjög gott veður er þetta bara fínasti peningur. Það er mjög „næs“ að fá borgað fyrir að sitja í sólinni og spila á gítar,“ segir Elín, sem er dóttir tónlistarhjóanna Ellenar Kristjánsdóttur og Eypórs Gunnarssonar.

„Ég byrjaði á þessu fyrir tveimur sumrum og er búinn að gera þetta heima og aðeins úti í New York,“ segir Elín, sem mælir þó ekki með því að böska í „Stóra eplinu“ á sumrin vegna mikils hita.

Hún ætlar að spila eins oft og hún getur í sumar til að ná sér í smá pening. „Þetta er vinnan mín á sumrin og ég fer alla daga sem bjóða upp á þetta. Þetta fer ekki endilega eftir veðrinu heldur hversu líflægur bærinn er.“ Hún hefur mest haldið sig til í Bankastrætinu fyrir utan verslunina 66° norður þar sem margt fólk er jafnan á gangi.

Elín fer aftur til New York í júní, ekki þó til að böska heldur í stutta tónleikaferð með Sóleyju Kristjánsdóttur, dóttur tónlistarmannsins KK sem bösk-



SPILAR Í SUMAR Elín Ey ætlar að spila fyrir gesti og gangandi í Bankastræti í sumar.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

aði einmitt á meginlandi í Evrópu á árum árum. Í New York ætla þær að spila lög Elínar, sem gaf út sína fyrstu plötu fyrir þremur árum. Ný plata er einmitt á leiðinni frá henni síðar á þessu ári.

- fb

REIÐHJÓL FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA



Mongoose Crossway 250

Ekta hjól í vinnuna með þægilegu stillanlegu stýri og á mjög svo rennilegum dekkjum sem þýðir minni áreynsla.

GAP

HJÓLABÚÐIN FAXAFENI 7

S: 5200 200 • MÁN - FÖS. KL. 9-18 • LAU. KL. 11-16

WWW.GAP.IS

FRÉTTIR AF FÓLKI

Flís fyrir Cullum

Hljómsveitin Flís mun hita upp fyrir enska tónlistarmanninn Jamie Cullum sem stígur á svið í Hörpunni 23. júní. **Davíð Þór Jónsson** og félagar í Flís hafa haft sig lítið í frammi undanfarin misseri en ætla að vera meira áberandi á næstunni



og er upphitunin fyrir Cullum liður í því. Enski söngvarinn er annars sjóð-heitur um þessar mundir því stutt er síðan hann söng á heiðursamkomu fyrir leikarann Robert De Niro á kvikmynda-hátíðinni í Cannes. -fb

Fékk hlutverk

Eins og komið hefur fram í fjölmiðlum standa nú yfir tökur á kvikmyndinni Svartur á leik. Myndin byggir á samnefndri bók Stefáns Mána sem hefur verið fastagestur á tökkustað. Þær heimsóknir borguðu sig því Stefán Máni



græddi lítið hlutverk í myndinni. Hann fékk að leika lögregluþjón í atriði á móti Þorvaldi Davíð Kristjánssyni sem leikur aðalhlutverkið, sjálfan Stebbba Sækó. -fsg

NÝ LÍNA AF KING KOIL

RÚMUM KOMIN Í HÚS ÁRGERÐ 2011

SÍÐAN ÁRIÐ 1898 HEFUR KING KOIL VARIÐ MIKLUM TÍMA OG FJÁRMUNUM Í AÐ ÞRÓA OG BÆTA FRAMLEIÐSLU SÍNA. ÞETTA ER EIN AF GRUNÐVALLARÁSTÆÐUM ÞESS AÐ KING KOIL RÚMIN ERU MEÐAL ÞEIRRA FREMSTU Í HEIMINUM. Í ÁR ER EINGIN UNÐANTEKNING OG NÚ KYNNUM VIÐ STOLT NÝJA OG ENN BETRI LÍNU AF HÁGÆÐA HEILSRÚMUNUM FRÁ KING KOIL.



15% KYNNINGAR-AFSLÁTTUR Á NÝJU LÍNUNUM

Mest lesið **vísir**

- 1 Hefði alveg viljað enda ofar
- 2 Framkvæmdastjóri AGS ákærður fyrir nauðgun
- 3 Traðkaði á höfði manns fyrir utan Sólon
- 4 Friðurinn dýru verði keyptur
- 5 Gleði hjá íslenska hópnum

Office1
Fyrirtækjajónusta
ÓDÝR
REKSTRARVARA
Hringdu í fyrirtækjajónustu Office1 og lækkaðu rekstrarkostnað fyrirtækisins.
PÖNTUNARSÍMI 550 4111
Fyrirtækjajónustan er opin 8 - 17
pontun@office1.is
www.office1.is

35% AFSLÁTTUR
NÚ GERUM VIÐ ENN BETUR ALLAR ELDRI GERÐIR EIGA AÐ KLÁRAST NÚNA!

KING KOIL HEILSRÚM FRÁ 99.000 KR.

rekkjan